# FRÉTTABLAÐIÐ

36. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 12. FEBRÚAR 2016


Föstudagsviðtalið

# HATURSGLÆPIR

**Eyrún Eyþórsdóttir lögreglufulltrúi segir bjartsýni að ætla að hatursglæpir þrífist ekki á Íslandi. Hún segir töluvert um neikvæð viðhorf gagnvart minnihlutahópum hér á landi. Eyrún einbeitir sér að þessum málaflokki í nýju starfi innan lögreglunnar. Hún segir samskiptavandann innanbúðar uppblásinn af fjölmiðlum.** SÍÐA 10




FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kaupa hlutabréf af eigendum fyrir 500 milljónir króna

**VIÐSKIPTI** Eigendur HS Veitna ætla að láta fyrirtækið kaupa af þeim hlutabréf fyrir hálfan milljarð króna.

Á hluthafafundi 19. febrúar verður lagt til að keypt verði eigin hlutabréf fyrir 500 milljónir á verði sem sé í samræmi við innra virði ársins 2015.

Ef af verður mun Reykjanesbær fá 250,5 milljónir króna út, HSV Eignarhaldsfélag slhf, sem er í eigu Heiðars Guðjónssonar og tengdra aðila, fær 171,9 milljónir króna, Hafnarfjarðarbær fær 77 milljónir og Sandgerðisbær 500 þúsund krónur.

Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna, segir ekki verða tekið lán vegna þessa. „Það var skuldabréfaútgáfa í fyrra og við erum þokkalega staddir með lausafé,“ segir Júlíus. HS Veitur gáfu út nýjan skuldabréfaflokk í fyrra að að nafnvirði 2,5 milljarðar króna.

> Það var skuldabréfaútgáfa í fyrra og við erum þokkalega staddir með lausafé.
>
> Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna

Júlíus segir ætlunina að lækka eigið fé.

„Menn lækka eigið fé með því að borga arð eða kaupa eigin bréf. Það kemur út á eitt fyrir fyrirtækið, en ekki fyrir hluthafana. Þetta er sín leiðin hvor til þess að hluthafar fái eitthvað fyrir sína eign,“ segir Júlíus.

Á aðalfundi HS Veitna 18. mars í fyrra var gengið frá kaupum á eigin hlutabréfum að nafnvirði 262,1 milljónir. Júlíus segir ekki fyrirfram ákveðið að gera þetta á hverju ári, heldur sé ákveðið í hvert skipti fyrir sig hvort þetta sé gert. – sg

### Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Kári Stefánsson skrifar um Bjarna Ben og heilbrigðiskerfið. 12-13

**SPORT** Arna Stefanía Guðmundsdóttir keppir á NM. 16

**LÍFIÐ** Snæfríður Ingvarsdóttir segir aðalhlutverkið í Ölmu einstakt tækifæri. 28-30

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


VALENTÍNUSARDAGUR Á BORGINNI

4 RÉTTA KVÖLDVERÐUR 8.900 KR.

+ 2 GLÖS AF VÍNI, 10.900 KR.

TILBOÐIÐ GILDIR ALLA HELGINA



DJASS Á SUNNUDÖGUM

YFIR BRÖNS OG KVÖLDVERÐ

BORG RESTAURANT

PÓSTHÚSSTRÆTI 11 - 101 REYKJAVÍK

S: 578 2020

BORGRESTAURANT.IS

## Veður




Um helgina stefnir í ágætis vetrarveður á öllu landinu. Í dag er útlit fyrir hæga og svala austlæga átt og él víða um land en vestanlands helst þurrt og góðar líkur á að sjá til sólar. Hiti um og undir frostmarki, en frostlaust við suðurströndina. SJÁ SÍÐU 20



**Mæðgurnar Joana og Maria.** MYND/STÖÐ 2

## Skiptir um skóla ef hún þarf þess

**SKÓLAMÁL** Joana Manuela Arantes, móðir hinnar ellefu ára gömlu Mariu sem fékk ekki að taka þátt í pítsuveislu í Fellaskóla á öskudag, segir vel koma til greina að dóttirin skipti um skóla vegna málsins.

Maria er ekki í áskrift í mötuneyti skóla síns en þar sem pítsuveisla er aðeins einu sinni á ári ætlaði hún að fá að kaupa sér sneið fyrir 500 krónur.

Maria segist vona að þetta komi ekki fyrir aðra krakka. „Ef ég þarf að skipta um skóla þá ætla ég að skipta um skóla, því mig langar að mér líði vel,“ segir Maria. **– þþ / þea**



**Í mosku í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Kvennamoska á leynilegum stað

**DANMÖRK** Fyrsta kvennamoskan í Danmörku verður opnuð í Kaupmannahöfn á næstunni. Imaminn Sherin Khankan, sem er kona, segir við Politiken að moskunni verði stjórnað af konum og verði fyrir konur. Konur muni jafnframt stjórna föstudagsbænum.

Lektor við deild Miðausturlandafræða, Mehmet Ümit Necef, segir um nútímavæðingu íslams að ræða. Félagið Dansk Islamisk Center gagnrýnir stofnun kvennamoskunnar.

Moskan verður á leyndum stað í upphafi af ótta við við áreiti andstæðinga hennarr. **– ibs**

## Eldur á Grettisgötu




**Slökkviliðsmenn réðu í gær niðurlögum elds sem kviknað hafði í bíl Steypustöðvarinnar. „Það gekk mjög vel að slökkva eldinn en það var mikill reykur. Engin stórhætta á ferðum enda veður gott,“ segir Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Skyndihjálpari ársins sjö ára

**SAMFÉLAG** Sjö ára stúlka, Karen Sæberg Guðmundsdóttir, var í gær útnefnd skyndihjálparmaður ársins.

Karen var ásamt móður sinni og Júlíusi vini sínum í heita pottinum er móðir hennar fékk flogakast.

„Karen tekur eftir því og heldur höfðinu á mér uppi og rekur Júlíus með harðri hendi að fara og ná í hjálp. Hann hleypur inn og nær í pabba hennar, manninn minn,“ segir Margrét Sæberg Þórðardóttir, móðir Karenar.

„Það er ekki hvaða barn sem er sem getur þetta,“ segir Gunnhildur Sveinsdóttir, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum. **– hks / þea**



**Karen Sæberg Guðmundsdóttir.**

# Gefa of mikinn afslátt af öryggi í fjallaferðum

**Árni Tryggvason segir marga fararstjóra hafa of litla þekkingu til að leiða fjallgönguhópa og segir þá ekki krefjast nægilegs öryggisbúnaðar af göngumönnum. Þá segir hann svokallaða keðjubrodda oft notaða þegar það eigi ekki við.**

**SLYS** „Of oft eru aðilar með of litla kunnáttu að taka að sér fararstjórn í ferðum gönguhópa,“ segir Árni Tryggvason fjallaleiðsögumaður. Hann telur marga fararstjóra gefa of mikinn afslátt af öryggi í fjallgöngum.

„Það er ekki nóg að hafa fararstjóra sem hefur bara sjálfstraustið og ánægjuna af fjallaferðunum. Engu að síður eru fjölmargir mjög hæfir aðilar sem fara með fólk á fjöll. Hinir eru bara of margir,“ segir Árnir. Allt of mikið vanti upp á öryggisviðmið.

„Þeir sem eru í þessu af fullri alvöru, til dæmis í björgunarsveitum eða Alpaklúbbnum, fara eftir mjög ströngum reglum. Til dæmis er algjör regla að ef gengið er á fjöll að vetrarlagi er maður með brodda, ísöxi og snjóflóðabúnað. Þetta áhugasama fólk í gönguhópunum veit fæst hvað snjóflóðabúnaður er,“ segir Árni.

„Góður fararstjóri þarf að hafa alla tækni á hreinu varðandi notkun brodda, ísaxar og snjóflóðabúnaðar. Auk rötunar- og skyndihjálparkunnáttu. Allir þeir sem með þeim fara á fjöll þurfa að hafa þann sama búnað og kunnáttuna til að nota hann en fararstjóri þarf að vera stigi ofar,“ segir hann.

Að mati Árna ber mikið á því að hópar noti keðjubrodda sem hannaðir séu fyrir tuttugu gráðu bratta þótt gengið sé í mun meiri bratta.

„Ég get rakið lista af slysum vegna keðjubrodda. Þeir gefa fólki traust til að fara í meiri bratta en það ræður við og svo rennur það og er kannski ekki með ísöxi. Ef það hefur ekki ísöxina getur það ekki stöðvað sig,“ segir hann.




**Halli nokkurra þekktra fjallshlíða. Ekki er mælt með að keðjubroddar séu notaðir við meira en tuttugu gráðu halla.**

> Ég get rakið langan lista af slysum vegna keðjubrodda. Þeir gefa fólki traust til að fara í meiri bratta en það ræður við.



Árni Tryggvason
fjallgöngumaður

Þegar Árni hefur bent á vandamálið segir hann suma hafa tekið gagnrýninni illa og notað það sér til varnar að hafa gengið á fjöll í mörg ár með þess lags búnað án þess að lenda í slysi. Árni líkir því við að keyra beltislaus og segir það heppni að ekki verði slys.

Þá segir Árni að hugsanlega megi rekja slysið á Skarðsheiði síðastliðinn laugardag, þar sem par rann hundrað metra niður fjallið og maður slasaðist alvarlega, til notkunar keðjubrodda og vanmats á aðstæðum. **thorgnyr@frettabladid.is**




RENAULT
Passion for life

# Öflugir vinnufélagar

## Kíktu í kaffi og reynsluakstur




## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

**Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.**

### RENAULT KANGOO, DÍSIL 1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: 2.411.000 kr. án vsk.
2.990.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 4,3 l/100 km*

### RENAULT TRAFIC, DÍSIL 1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: 3.379.000 kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.
Eyðsla frá 6,5 l/100 km*

### RENAULT MASTER, DÍSIL 2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.
4.950.000 kr. m. vsk.
Eyðsla 7,8 l/100 km*

www.renault.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM73205

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Háskólinn veiðir til landsins risaráðstefnu á sviði viðskiptafræði

**VIÐSKIPTI** Áætlað er að tólf til fjórtán hundruð manns komi hingað til lands til að sækja alþjóðlega ráðstefnu sem viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hefur fengið réttinn til að halda árið 2018. Um er að ræða ráðstefnu European Academy of Management (EURAM), en hún er ein sú stærsta á sviði viðskiptafræði í Evrópu og stærsta ráðstefna sem haldin hefur verið á þessu sviði á Íslandi.

„Það er mjög mikilvægt fyrir íslenskt rannsóknarumhverfi í viðskiptafræði á Íslandi, Háskóla Íslands og viðskiptalífið almennt að fá EURAM til Íslands," segir Eyþór Ívar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti og lektor við Háskóla Íslands, en hann er jafnframt formaður undirbúningsnefndar EURAM 2018.

„Margir af helstu fræðimönnum Evrópu munu taka þátt í ráðstefnunni og við gerum okkur vonir um að vegna staðsetningar Íslands getum við fengið talsvert af virtum fræðimönnum frá Bandaríkjunum og víðar til þess að taka þátt."

Umsóknarferlið vegna ráðstefnunnar segir Eyþór hafa verið langt, en það var unnið í samvinnu Háskólans, Meet in Reykjavík, Reykjavíkurborgar og Embættis forseta Íslands. „Við gerðum mjög góða umsókn þar sem



**Eyþór Ívar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti og lektor við Háskóla Íslands**

bæði borgarstjóri Reykjavíkur og forseti Íslands buðu EURAM velkomin til landsins." Sjálfur hafi hann svo sótt fjölda funda í Evrópu síðastliðið ár til að vinna tillögunni fylgi.

„Það er mjög ánægjulegt að þetta sé komið í höfn og nú verður lagður metnaður í að búa til einstakan viðburð sem skilur eftir þekkingu, góðvild og tengslanet fyrir íslenska akademíu og atvinnulíf," segir Eyþór Ívar. – **óká**



**Ekki allir í vetrarfrí.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Vetrarfrí vandi fyrir foreldrana

**SAMFÉLAG** Um helmingur aðildarfyrirtækja Félags atvinnurekenda hefur orðið fyrir óþægindum vegna vetrarfría í leik- og grunnskólum. Þetta er niðurstaða könnunar meðal 150 fyrirtækja.

Ýmis samtök í atvinnulífinu hafa gagnrýnt að vetrarfríin skuli hafa verið sett á án nokkurs samráðs við atvinnurekendur. Markmið sé sagt að auka samveru foreldra og barna en oft verði niðurstaðan önnur. Sumir foreldrar noti sumarleyfisdaga í vetrarfrí barnanna. Það leiði ekki til fleiri samverustunda heldur dreifist fjölskyldufríið yfir árið. – **ebg**

## Fordæma niðurskurð til sérkennslumála

**REYKJAVÍK** Félag íslenskra sérkennara fordæmir niðurskurð Reykjavíkurborgar til sérkennslumála í leik- og grunnskólum.

Í ályktun segir að niðurskurðurinn þýði að þjónusta við þá nemendur sem hvað mesta aðstoð þurfi skerðist enn frekar. Halda þurfi áfram að hlúa að þörfum þessa hóps. Með niðurskurðinum sé ekki fylgt stefnu borgarinnar um skóla án aðgreiningar.

„Sem eru hörmuleg tíðindi fyrir þá sem höllum fæti standa. Niðurskurður þessi bitnar á þeim sem síst skyldi," segir í ályktun félagsins. Er borgin beðin að láta af niðurskurðinum og standa vörð um réttindi og þjónustu sem nemendur með sérþarfir eigi rétt á. – **kbg**

# Borgunarmál í alvarlegri stöðu

**Fjármála- og efnahagsráðherra segir gögn sem birst hafa í fjölmiðlum benda til þess að Landsbankinn hafi fengið mun lægra verð fyrir hlut sinn í Borgun en eðlilegt geti talist. Ráðherrann vill að málið verði upplýst.**

**VIÐSKIPTI** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, segir að sú staða sem komin er upp varðandi Landsbankann og Borgunarmálið sé alvarleg. Landsbankinn sé í senn stærsta fjármálafyrirtæki landsins og verðmætasta félag íslenska ríkisins.

Í bréfi til Bankasýslunnar vísar Bjarni til upplýsinga og gagna sem birst hafa í fjölmiðlum og benda til þess að það verð sem bankinn fékk fyrir eignarhlut sinn hafi verið mun lægra en eðlilegt getur talist.

Forsvarsmenn Borgunar hafa sagt að þeir hafi fyrst fengið upplýsingar um greiðslur til fyrirtækisins vegna kaupa Visa International á Visa Europe hinn 21. desember. Samkvæmt þeim upplýsingum munu greiðslurnar samsvara 6,4 milljörðum króna, auk afkomutengdrar greiðslu sem berst árið 2020.

Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, hefur bent á að af þessum 6,4 milljörðum fari tveir milljarðar til hluthafa Borgunar sem keyptu 31 prósents hlut af Landsbankanum í fyrirtækinu fyrir 2,2 milljarða. Áður hafi sömu hluthafar fengið tæpar 250 milljónir í arðgreiðslur. Þannig að kaupendurnir hafi fengið allt kaupverðið til baka á einu ári.



**Þeir Bjarni Benediktsson og Árni Páll Árnason eru sammála um að Borgunarmálið sé grafalvarlegt. Flokksformennirnir tveir hittust á Viðskiptaþingi í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Í fyrrgreindu bréfi Bjarna til Bankasýslunnar rifjar hann upp að 8. janúar síðastliðinn hafi Bankasýslan birt stöðuskýrslu varðandi fyrirhugaða sölumeðferð á Landsbankanum í samræmi við heimild í fjárlögum. Í skýrslunni komi fram að Bankasýslan stefni að því að setja fram tillögu til ráðherra á fyrsta fjórðungi þessa árs um sölu á allt að 28,2 prósenta hlut í Landsbankanum.

„Ákvörðun um næstu skref varðandi sölu eignarhluta í Landsbankanum verður fyrst tekin að fengnum tillögum Bankasýslunnar, en ljóst er að sú ákvörðun mun velta á fjölmörgum atriðum og mati á því hvernig heildarhagsmunum ríkisins er best fyrir komið. Það er mat ráðherra að umræða undanfarinna vikna vegna sölu Landsbankans á hlut sínum í Borgun sé til þess fallin að skaða bankann," segir Bjarni í bréfinu.

Því sé nauðsynlegt áður en lengra er haldið í því ferli að hvaðeina er máli skiptir og varði sölu Landsbankans á Borgun verði upplýst og málið afgreitt með þeim hætti að traust til bankans og stjórnenda hans verði tryggt.

Lárus Blöndal, formaður stjórnar Bankasýslunnar, segist ekki túlka það sem svo að fjármálaráðherra sé að fara fram á það í bréfinu að söluferli Landsbankans verði frestað.

„Ég les það nú ekki sem aðalskilaboðin allavega. Aðalskilaboðin eru þau að það þurfi að leysa úr þessu máli sem við erum að vinna í. Og það þarf að gera það með þeim hætti að traust og trúverðugleiki bankans sé heill eftir. En hann er allavega að segja að það sé mikilvæg forsenda fyrir því að hægt sé að halda áfram með ferlið," segir Lárus.

**jonhakon@frettabladid.is**



**Lárus Blöndal, formaður stjórnar Bankasýslu ríkisins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> **Það er mat ráðherra að umræða undanfarinna vikna vegna sölu Landsbankans á hlut sínum í Borgun sé til þess fallin að skaða bankann.**
>
> Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra






# Landsbankinn svarar bankasýslunni

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn svaraði í gærkvöld fyrirspurnum Bankasýslu ríkisins um sölu eignarhlutar bankans í Borgun á vefsíðu sinni. „Engir annarlegir hvatar lágu að baki þeirri ákvörðun bankans að selja hlutinn á þann hátt sem gert var, heldur einvörðungu hagsmunir Landsbankans eins og þeir voru metnir á þeim tíma," segir í svörum bankans, en upplýsingar komu fram í kjölfar sölunnar sem benda til þess að verðmæti eignarhlutans reynist meira en álitið var við sölu.

Þá kemur fram að Landsbankinn hafi vitað af valrétti Visa Europe og Visa Inc. en ekki hvort Visa Inc. myndi neyta kaupréttarins eða Visa Europe söluréttarins. „Það var hins vegar skilningur Landsbankans að vegna sögulegra tengsla Valitor við Visa Europe og yfirburða markaðshlutdeildar félagsins í útgáfu Visakorta myndi Valitor, eitt íslenskra kortafélaga, eiga tilkall til slíks ávinnings í kjölfar hugsanlegrar nýtingar valréttarins ef til hans kæmi," segir í svörum bankans.





**Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, ásamt mótmælendum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landsbankinn heldur því fram að hann hafi ekki haft vitneskju um að Borgun kynni að eiga rétt til sambærilegra greiðslna við nýtingu valréttarins og af þeirri ástæði hafi ekki verið samið um það sérstaklega þegar hlutur bankans í Borgun var seldur. „Ástæðan fyrir þessum skilningi Landsbankans var jafnframt sú að þjónusta sem Landsbankinn hafði keypt af Borgun tengdist Mastercard-kortum en ekki VISA-kortaviðskiptum. Eftir því sem næst verður komist var vitneskja um annað ekki á almennu vitorði," segir í svörum bankans. – **þea**


SENSAI
CELLULAR PERFORMANCE
DAY CREAM
www.sensai-cosmetics.com
SPF 25
SENSAI
CELLULAR PERFORMANCE
DAY CREAM
Falleg húð gerir
daginn betri
Kremið sem hindrar hvimleið ummerki öldrunar á húð þinni alla daga, alltaf.
Byrjaðu daginn með því að láta frískandi angan gæla við skilningarvit þín og upplifðu áður óþekkta útgeislun húðarinnar við notkun SENSAI CELLULAR PERFORMANCE DAY CREAM. Kremið ver húð þína fyrir utanaðkomandi áreiti, svo sem loftmengun og ræðst til atlögu gegn fimm helstu ummerkjum öldrunar á húðinni* en einmitt þannig tekst þér að upplifa sífellt fallegri og silkikenndari húð með hverjum deginum sem líður.
*Þurrki, slappleika (minnkandi teygjanleika), fínum línum, hrukkum og fölgráum litarhætti.
Skin enriched with the moisture of Silk
FALLEGUR KAUPAUKI FYLGIR** ÞEGAR VERSLAÐ ER
SENSAI CELLULAR DAY CREAM, 12.-17. FEBRÚAR
Kaupaukinn inniheldur: CP LOTION II 20 ml, CP CREAM 8.0 ml,
CP ESSENCE 8.0 ml ásamt fallegri snyrtitösku.
**Meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Segir Samfylkingu hafa gert mörg mistök

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, sendi flokksfélögum sínum bréf í gær þar sem hann segir Samfylkinguna hafa gert mörg mistök frá því flokkurinn fór í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki árið 2007. Enn fremur kallar Árni Páll eftir því að flokksmenn eigi gott samtal um stefnu flokksins og stöðu í aðdraganda formannskjörs sem fer fram í vor.



Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.

Árni Páll segir flokkinn þurfa að svara spurningunni hvort Samfylkingin sé tilbúin að vera breið fjöldahreyfing. „Er Samfylkingin tilbúin að rúma ólíkar skoðanir en sameinast um meginlínur félagslegs réttlætis og jafnra tækifæra, eða er gerð krafa um eina skoðun og eina leið í öllum málum? Fyrri leiðin er leið fjöldahreyfingar jafnaðarmanna. Seinni leiðin er leið hefðbundins vinstri flokks. Við verðum að velja þar á milli,“ spyr hann í bréfi sínu.

Meðal mistaka sem formaðurinn reifar er stuðningur við Icesavesamning sem hann segir ekki hafa varið hagsmuni þjóðarinnar og aðildarumsókn að ESB án umboðs frá þjóðinni.

Þá axlaði Árni Páll ábyrgð á mistökunum í viðtali við Stöð 2 í gærkvöldi. „Ó, já. Ég sat líka í ríkisstjórn og ber ábyrgð á því sem þar gerðist.“ – þea

# Gagnrýndi hugmyndir Pírata um borgaralaun

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra gagnrýndi harðlega hugmyndir Pírata um borgaralaun á Viðskiptaþingi í gær.

Sagði Sigmundur að víða væri það svo að því minna innihald sem væri í boðskapnum þeim mun minni væri gagnrýnin á hann.

„Hér kynnir stjórnmálahreyfing sem nýtur mikils stuðnings tillögu um að ríkið greiði öllum landsmönnum mánaðarlega laun, ja, að minnsta kosti 300 þúsund krónur, skilst mér, fyrir það eitt að vera Íslendingur. Óháð stöðu og öðrum tekjum,“ sagði Sigmundur Davíð og leyndi ekki hneykslun sinni. „Ég hef ekki orðið var við að neinn hafi haft fyrir því að reikna út að það myndi fela í sér útgjöld upp á um 100 milljarða á mánuði.“

Benti Sigmundur Davíð á að þetta væri álíka mikið og árlegur kostnaður við almannatryggingakerfið, lífeyrinn og örorkubæturnar.



Forsætisráðherra hlakkar til samstarfs við nýjan formann Viðskiptaráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tímamót urðu í gær er Katrín Olga Jóhannesdóttir tók við formennsku í Viðskiptaráði fyrst kvenna í 99 ára sögu ráðsins. Katrín tók við af Hreggviði Jónssyni.

Forsætisráðherra sagðist hlakka til að starfa með Katrínu Olgu. – jhh


**Framleiðsluaukning á laxi í Mjóafirði og Norðjarðarflóa, Seyðisfirði og Stöðvarfirði.**

**Tillaga að matsáætlun (drög)**

Fiskeldi Austfjarða hf. auglýsir drög að tillögu að matsáætlun um framleiðslu á laxi í sjókvíum samkvæmt reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða allt að 10.000 tonna aukningu á framleiðslu á hverjum stað, í Mjóafirði og Norðfjarðarflóa, Seyðisfirði og Stöðvarfirði. Tilkynnt er um drögin þann 12.2. 2016 í Fréttablaðinu. Almenningi er gefinn kostur á að kynna sér drögin og gera afhugasemdir til og með 29.2. 2016.
Nánari upplýsingar á heimsíðu; http://icefishfarm.is/news/

Fiskeldi Austfjarða hf.
Varðan 1
765 Djúpivogur www.icefishfarm.is



UP! MEÐ ÖRYGGIÐ

FOR SAFER CARS EURO NCAP www.euroncap.com

VW Up! frá aðeins: 1.790.000 kr.



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is


## Sipp í Ghazni



Börn að leik í flóttamannabúðum í Ghazni í Afganistan. Ánægjan skín úr augum stúlku sem sippar ákaft meðan félagar hennar fylgjast með. NORDICPHOTOS/AFP

# Frumvarp um opinber innkaup lent í mótbyr

**Samkeppniseftirlitið gagnrýnir frumvarp um opinber innkaup. Gert er ráð fyrir að innlent samkeppnismat verði ekki skylda er innlendir aðilar halda útboð með erlendum aðilum. Viðskiptaráð gerir alvarlegar athugasemdir við málið.**

**STJÓRNSÝSLA** Félag atvinnurekenda, Viðskiptaráð Íslands og Samkeppniseftirlitið leggjast öll harðlega gegn tillögu um að innlendum kaupendum verði heimilt að nota erlend stjórnvöld til að hafa milligöngu um kaup á vöru og þjónustu án þess að sérstakt samkeppnismat fari fram hér á landi.

Þetta kemur fram í umsögnum til fjármálaráðuneytisins vegna frumvarps um breytingu á lögum um opinber innkaup.

„Viðskiptaráð gerir alvarlegar athugasemdir við afnám svokallaðs samkeppnismats við framkvæmd útboða í gegnum miðlægar innkaupastofnanir í öðrum ríkjum,“ segir í umsögn Viðskiptaráðs. Brýnt sé að halda inni ákvæði um samkeppnismat sem væri rýnt af Samkeppniseftirlitinu hverju sinni.

„Telur ráðið að samkeppnismat sé forsenda þess að innkaupastefna hins opinbera taki tillit til heildaráhrifa útboðs,“ segir Viðskiptaráð.

Samkeppniseftirlitið segir lögin í heild fela í sér mjög jákvæð skref í átt að virkari samkeppni en geldur varhug við því að innlent samkeppnismat verði fellt úr nýjum lögum.

> Viðskiptaráð gerir alvarlegar athugasemdir við afnám svokallaðs samkeppnismats við framkvæmd útboða í gegnum miðlægar innkaupastofnanir í öðrum ríkjum
>
> Viðskiptaráð Íslands

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra sagði við Fréttablaðið 18. janúar að það væri mikilvægt að breyta lögunum þannig að sameiginleg útboð Norðurlandanna gætu farið fram.

Landspítalinn hefur bent á að ríkið gæti sparað mikið ef hægt væri að taka þátt í lyfjaútboði með öðrum þjóðum. „En að svo stöddu hamla lög um opinber innkaup og lagaumhverfi í nágrannalöndunum því að svo geti orðið,“ segir Guðný Helga Herbertsdóttir, upplýsingafulltrúi Landspítalans.

Félag atvinnurekenda hafnar því að ákvæðið um innlent samkeppnismat hamli þátttöku í útboðum með öðrum þjóðum. Ríkisstofnanir hafi undanfarin ár tekið þátt í útboðum með erlendum aðilum þrátt fyrir ákvæðið. Tryggja þurfi innlent samkeppnismat til að tryggja að Samkeppniseftirlitið geti skoðað hvaða afleiðingar útboð með öðrum þjóðum hafi fyrir innlenda samkeppni.



Leggja á frumvarp um opinber innkaup fram nú á vorþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

sveinn@frettabladid.is


ÍSLENSKA
ÁNÆGJUVOGIN
VIÐ GEISLUM
AF ÁNÆGJU
VÍNBÚÐIN FÉKK HÆSTU EINKUNN ALLRA
FYRIRTÆKJA Í ÍSLENSKU ÁNÆGJUVOGINNI
ÞRIÐJA ÁRIÐ Í RÖÐ
Starfsfólk okkar í 50 Vínbúðum víðsvegar um landið,
fagnar af einlægni góðu gengi í Íslensku ánægjuvoginni.
Við erum staðráðin í að halda áfram að gera okkar besta
í þjónustu og samfélagslegri ábyrgð.
VÍNBÚÐIN
ENNEMM / SÍA



Reinhold Hanning, 94 ára, kom fyrir rétt í gær og þykir vel ern. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Réttað yfir gömlum nasista

**ÞÝSKALAND** Í gær hófust í Detmold í Þýskalandi réttarhöld yfir 94 ára gömlum manni, Reinhold Henning, sem var vörður í útrýmingarbúðum nasista í Auschwitz.

Þetta eru fyrstu réttarhöldin af fernum, sem búist er við að haldin verði í Þýskalandi á þessu ári, yfir öldruðum nasistum sem störfuðu í útrýmingarbúðunum.

Til skamms tíma þótti ólíklegt að hægt yrði að sakfella fólk fyrir það eitt að hafa verið vörður í útrýmingarbúðunum, ef ekki væri hægt að sýna fram á beina þátttöku í morðum á fólki.

Þetta breyttist þó 2011 þegar réttað var yfir John Demjanjuk á þeim forsendum að hann væri sekur um að hafa tekið þátt í að halda búðunum gangandi, jafnvel þótt hann hafi aðeins verið vörður.

Demjanuk áfrýjaði dómnum en lést áður en málaferlunum lauk. Á síðasta ári var annar vörður frá Auschwitz, Oskar Groening, dæmdur sekur um aðild að 300 þúsund morðum, án þess að hafa tekið beinan þátt í þeim. – gb

## Ekki leyfilegt að innheimta gjald

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær að landeigendum í Reykjahlíð hefði verið óheimilt að taka gjald af gestum við náttúruperlur í Mývatnssveit.

Byrjað var að rukka 800 króna aðgangseyri í Námaskarð og Leirhnjúk í júní 2014. Hefja átti gjaldtöku við Dettifoss sömuleiðis en aldrei kom til þess. Mótmæli voru háværi meðal aðila í ferðaþjónustu.

Ólafur H. Jónsson, formaður Landeigendafélags Reykjahlíðar, sagði gjaldið eiga að renna til lagfæringar á landi sem ferðamenn hefðu eyðilagt. Gjaldtökunni var hætt eftir um mánuð er fallist var á lögbannskröfu hluta félaga í Landeigendafélaginu í Reykjahlíð.– ktd



Ólafur H. Jónsson, formaður Landeigendafélags Reykjahlíðar

# NATO ætlar að fylgjast með smyglurum flóttafólks

**BELGÍA** Leiðtogar aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins hafa samþykkt að senda herskip og flugvélar til austurhluta Miðjarðarhafsins, þar sem fylgst verður með smyglurum, sem reyna að koma flóttafólki til Evrópu.

„Þetta snýst um að hjálpa Grikklandi, Tyrklandi og Evrópusambandinu við að hafa hemil á flóttamannastraumnum og takast á við afar erfitt ástand,“ sagði Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, að loknum leiðtogafundi í Brussel í gær.

Þar fóru Þjóðverjar, Grikkir og Tyrkir fram á aðstoð frá NATO. Stoltenberg tók þó fram að hersveitir NATO myndu ekki taka að sér að stöðva eða senda til baka skip eða báta með flóttafólki, heldur myndi NATO fyrst og fremst útvega upplýsingar og sinna eftirliti til að hindra glæpastarfsemi og ólöglegt smygl á fólki.

„Nú er farin af stað skipulögð glæpastarfsemi sem notfærir sér neyð þessa fólks,“ sagði Ash Carter, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, á blaðamannafundi í Brussel í gær. – gb



Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO, ásamt Ashton Carter, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, á leiðtogafundinum í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Námu þyngdarbylgjur frá samruna tveggja svarthola

**Merk tímamót urðu í stjarnvísindum í gær þegar vísindamenn í Bandaríkjunum skýrðu frá því að þyngdarbylgjur hefðu greinst í fyrsta sinn. Albert Einstein spáði um tilvist þyngdarbylgja fyrir nærri hundrað árum.**

**VÍSINDI** Vísindamenn hafa í fyrsta sinn greint þyngdarbylgjur í alheiminum og þar með staðfest einn mikilvægasta þáttinn í hinni almennu afstæðiskenningu Alberts Einstein frá árinu 1916.

„Það hefði verið yndislegt að fylgjast með svipbrigðum Einsteins ef við hefðum getað sagt honum frá þessu,“ sagði eðlisfræðingurinn Rainer Weiss, einn vísindamannanna sem kynntu uppgötvunina á blaðamannafundi í Washington í gær.

Það voru vísindamenn við LIGO-rannsóknarstöðina í Bandaríkjunum sem fyrstir allra sáu ótvíræð merki um þyngdarbylgjur.

Heiti stöðvarinnar, LIGO, stendur fyrir Laser Interferometer Gravitational Wave Observatory. Hún var sett upp árið 1992 í þeim tilgangi að greina þyngdarbylgjur og er með greiningarstöðvar á tveimur stöðum í Bandaríkjunum, í Hanford í Washingtonríki og Livingston í Louisiana.

Þrjú þúsund kílómetrar eru á milli greiningarstöðvanna, en fjarlægðin er nauðsynleg til að greina þyngdarbylgjur. Í undirbúningi eru fleiri greiningarstöðvar, ein í Evrópu, önnur í Japan og sú þriðja á Indlandi, sem eiga að gera greininguna nákvæmari.

Þyngdarbylgjunemarnir í Hanford og Livingston voru settir í gang í september síðastliðnum. Stuttu síðar greindust fyrstu merkin um þyngdarbylgjur, sem vísindamennirnir segja að hafi borist frá tveimur svartholum sem snerust hvort um annað og enduðu á því að sogast saman í eitt svarthol.

Þetta er þar með líka í fyrsta sinn sem vísindamenn hafa séð merki um að tvö svarthol sameinist í eitt. Sá atburður, sem stóð yfir aðeins í brot af sekúndu, varð svo öflugur að orkan frá honum varð meiri en orkan af ljósi allra stjarna alheimsins samtímis, á sama tíma og svartholin soguðust saman í eitt.

> Það hefði verið yndislegt að fylgjast með svipbrigðum Einsteins ef við hefðum getað sagt honum frá þessu.
>
> Rainer Weiss eðlisfræðingur

„Þessi orka sendir frá sér lokakipp af þyngdarbylgjum. Það eru þessar þyngdarbylgjur sem LIGO hefur numið,“ segir í fréttatilkynningu frá LIGO.

Á blaðamannafundinum í Washington í gær spiluðu vísindamennirnir jafnframt hljóðupptöku, þar sem heyra mátti hvernig þyngdarbylgjurnar frá svartholunum sem sameinast hljóma þegar þeim hefur verið breytt í hljóðbylgjur.

„Það fallega við þetta er að við getum ekki bara séð alheiminn heldur getum við heyrt í honum,“ sagði Gaby Gonzalez, eðlisfræðingur og talsmaður LIGO, á blaðamannafundinum í gær.

„Þyngdarbylgjur gera okkur kleift að horfa á heiminn í algerlega nýju ljósi. Möguleikinn á því að greina þær getur valdið byltingu í stjarnvísindum,“ hefur BBC eftir stjarneðlisfræðingnum Stephen Hawking, sem meðal annars er einn helsti höfundur hugmyndarinnar um svarthol. gudsteinn@frettabladid.is

## Þyngdarbylgjur greindar í fyrsta sinn

**Vísindamenn segjast loks hafa séð ótvíræð merki um þyngdarbylgjur, sem berast um heiminn og sveigja tímarúmið.**

**Þyngdarbylgjur:** Þegar efnismassi færist um geiminn sendir hann frá sér sammiðja bylgjur sem ýmist teygja á tímarúminu eða þjappa því saman. Albert Einstein spáði þessu árið 1916 í riti sínu um almennu afstæðiskenninguna.




**LIGO-stöðvar** Tvær stöðvar nema daufar bylgjur úr geimnum og hreinsa burt truflanir af völdum umferðargnýs, jarðskjálfta og annarrar óreglu.



Áhrif af þyngdarbylgjum, mikið ýkt




Heimild: LIGO | Ljósmyndir: Associated Press | @ Graphic News

Meðlag

Umsækjendur um meðlag, vinsamlegast athugið að umsóknir um meðlag verða eingöngu afgreiddar rafrænt í gegnum Mínar síður á www.tr.is eftir 1. mars 2016.

TR

Tryggingastofnun
Laugavegi 114 | 105 Reykjavík
Sími 560 4400 | tr@tr.is | tr.is




## Skiptu matarreikningnum með Aur

Þú ert alltaf með aur í símanum þínum ef þú sækir Aur appið! Kosturinn við Aur er að þú þarft eingöngu að vita farsímanúmer þess sem þú ætlar að borga eða rukka. Það kostar ekkert að borga með Aur ef þú skráir debetkort. Þegar aðrir borga þér er samstundis lagt inn á bankareikninginn þinn. **Náðu þér í Aur appið.**

Google play   App Store

Kortaupplýsingar eru geymdar hjá Borgun samkvæmt PCI DSS öryggisstaðli.

Aur

## FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

# Við verðum að standa undir traustinu

**Eyrún Eyþórsdóttir lögreglufulltrúi er nýtekin við stöðu yfirmanns verkefnis og rannsókna á hatursglæpum. Hún segir mikilvægt að landslög verndi minnihlutahópa. Eyrún segir viðhorfsbreytingu hafa orðið í lögreglunni með tilkomu Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is






Við viljum vera framarlega og kryfja þetta. Það er ólíklegt að það séu engir hatursglæpir á Íslandi sbr. fjölda hatursglæpa í öðrum löndum, segir Eyrún Eyþórsdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hatursglæpir er dálítið villandi heiti. Þetta er regnhlífarhugtak yfir ofbeldi gagnvart minnihlutahópum," segir Eyrún Eyþórsdóttir, lögreglufulltrúi og nýr yfirmaður verkefnis og rannsókna á hatursglæpum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Eyrún sinnir samhliða doktorsnámi í mannfræði. Hún hefur verið áberandi undanfarið í starfi, skrifað greinar og látið í sér heyra vegna kjarabaráttu lögreglumanna, menntunar þeirra og vopnavæðingar. Hún hefur oft átt á brattann að sækja í karllægri stétt, hætti m.a. í lögreglunni í um fjögur ár, en er komin aftur og tekin við draumastarfinu. Verkefnið um hatursglæpi er tilkomið vegna þróunarinnar sem orðið hefur í Evrópu, þar sem lögregla hefur í auknum mæli litið til glæpa gegn minnihlutahópum. Hatursglæpum hefur fjölgað. „Það er verið að mismuna fólki. Beita það órétti því það er öðruvísi en meirihlutinn."

Eyrún er full áhuga þegar hún ræðir verkefnið. Segir mikilvægt að horfa á sögulegt, félagslegt og pólitískt samhengi. „Minnihlutahópar eru stöðugt í réttindabaráttu. Það er ekki langt í árum talið síðan það var aðskilnaðarstefna við lýði í Suður-Afríku, aðeins lengra síðan slík stefna var rekin í BNA. Á Íslandi erum við langt á undan mörgum þjóðum, en það er ekkert langt síðan samkynhneigðir fengu réttindi til að ættleiða börn. Með transfólk er það þannig ennþá að manneskja þarf að fá greiningu fyrir geðsjúkdóm til þess að hefja kynleiðréttingarferli. Barátta ákveðinna hópa er sífellt í gangi. Markmiðum og jafnrétti hefur ekki verið náð. Meðan svo er tel ég mikilvægt að landslögin verndi þessa hópa."

**Vísindalegur rasismi**

Hún segir mikilvægt að horfa til sögunnar. „Sjálfsmynd Evrópumanna á 19. öld og í upphafi 20. aldarinnar byggðist á vísindalegum rasisma. Ef maður horfir ekki meira en nokkra áratugi aftur í skólabækur á Íslandi er umfjöllun um svertingja þar sem þeir eru taldir latir. Þessi vísindalegi rasismi var ákveðin réttlæting á nýlendustefnunni. Evrópumenn voru að leggja undir sig heiminn og hnepptu fólk í þrældóm. Þetta var réttlæting á því sem lifði með Evrópubúum og gerir enn. Það sem hefur hins vegar gerst eftir seinni heimsstyrjöld og helförina þar sem var reynt með skipulögðum hætti að útrýma gyðingum, samkynhneigðum, fólki með fötlun og fleiri hópum, er að alls kyns alþjóðasáttmálar, skuldbindingar og lög voru sett til að reyna sporna gegn því að þetta gæti gerst aftur."

Þegar nýlendur fóru að fá frelsi fór fólk frá nýlendunum til Evrópu.

„Mikið af fólki frá eyjunum í Karíbahafi fór til Bretlands því það hafði landvistarleyfi – því það var að koma frá fyrrverandi breskri nýlendu. Það sem gerðist líka í kringum 1960 í Evrópu var að mikið af vinnuafli frá Tyrklandi t.d. var flutt inn. Allir héldu að þetta fólk færi svo heim aftur sem hefur enn ekki gerst. Undanfarna tugi ára hefur fjölbreytnin aukist í Evrópu og með hnattvæðingunni. Það er til mikið af fólki sem lítur á þessa fjölmenningu sem vandamál. Út af því að þetta breytir því sem það þekkir. Skapar óöryggi og hræðslu. Það fer að tala illa um hópa eins og t.d. múslima. Það hefur sýnt sig að afleiðingar hatursglæpa eru alvarlegar og víðtækar vegna þess að þó að ráðist sé á eina manneskju – þá er verið að ráðast á allan hópinn sem viðkomandi tilheyrir."

*Eru hatursglæpir á Íslandi?* „Það vitum við ekki. Það er ein af ástæðunum fyrir því að þetta verkefni var sett af stað. Við viljum vera framarlega og kryfja þetta. Það er ólíklegt að það séu engir hatursglæpir á Íslandi sbr. fjölda hatursglæpa í öðrum löndum. Spurningin er, hafa verið hatursglæpir hérna í gegnum tíðina og lögreglumenn ekki kunnað að bera kennsl á þá eða ekki fundist það mikilvægt? Er fólk, sem vantreystir lögreglu vegna fyrri reynslu úr heimalandi og leitar ekki til okkar, að verða fyrir hatursglæpum? Maður vonar að það séu ekki hatursglæpir á Íslandi en ég held að það sé bjartsýni að ætla það."

Eflaust muna margir eftir því þegar svínshausum var dreift á lóð Félags múslima á Íslandi í Sogamýri í nóvember 2013. Lögreglan rannsakaði málið ekki sem hatursglæp.

„Ef þetta hefði gerst í dag hefði ég viljað rannsaka það sem hatursglæp. En það er ekki við fólkið að sakast. Þetta var ekki svo mikið komið inn í umræðuna."

**Línan er óskýr**

*Er ástæða til að vera enn betur á verði nú þegar flóttamenn eru komnir til að setjast að hér á landi?* „Ég sótti námskeið í fyrra um hatursglæpi. Þar var talað um að fái hatursfull ummæli og mismunun að þrífast geti það farið að leiða af sér alvarlegri hluti. Hatursglæpir hafa aukist í Evrópu. En alltaf þegar verður aukning í glæpum þarf að skoða hvort það stafi af því að það sé raunveruleg aukning eða hvort það að það sé af því að lögreglan er að gera meira í hlutunum."

> Það verður enginn innanhúss var við þetta. Þessi samskiptavandi nokkurra hefur ekki heltekið lögregluna. Fólk er bara að vinna.

Eyrún segir mikilvægt að einblína ekki bara á hatursglæpi sem slíka.

„Það er líka mikilvægt að búa til tengsl við minnihlutahópa þannig að traust skapist. Við verðum líka að standa undir traustinu. Ef við fáum mál verðum við að rannsaka þau, helst verða málin að fá framgang í kerfinu og dómstólar eiga svo síðasta orðið. Það hefur bara einn dómur um hatursfull ummæli fallið hér á landi þannig að línan er óskýr. Hvað má segja? Þess vegna er brýnt að það fari fleiri mál í gegn. Þegar línan er skýrari er auðveldara fyrir lögreglu að eiga frumkvæði að rannsóknum."

*Eru miklir fordómar á Íslandi?* „Mín tilfinning er sú að það sé töluvert um neikvæð viðhorf. Svo hafa verið gerðar kannanir sem sýna að fólk er að upplifa að það hafi orðið fyrir fordómum. Mér finnst áhugavert að vísa til könnunar sem gerð var af Kristínu Loftsdóttur þar sem hún skoðaði endurútkomu bókarinnar 10 litlir negrastrákar á sínum tíma. Þá fannst t.d. ekki mörgum Íslendingum eitthvað athugavert við endurútgáfuna, meðan flestum af erlendum uppruna sem talað var við fannst þetta pjúra rasismi. Þetta er svona ein birtingarmynd fordóma."

Við ræðum um fjölgun flóttamanna í Evrópu, en Eyrún er þeirrar skoðunar að við eigum jafnvel að horfa fram hjá því þó fólk falli ekki undir strangar reglur um flóttafólk. Leyfa því að búa hérna ef það vill og vinna. „Hins vegar þarf lögreglan að vera í ákveðnu hlutverki því hún er að vernda landsmenn. Þegar kemur að flóttafólki er auðvelt að líta á það og finnast það rasískt. Lögreglan þarf yfirsýn yfir hverjir koma til landsins. Tryggja að það sé ekki að koma inn fólk sem veldur skaða."

**Einsleitni háir lögreglunni**

Eyrún fór í Lögregluskólann eftir að hafa lokið BA-námi í mannfræði. Það var gamall draumur að fara í lögregluna en námið fannst henni ekki upp á marga fiska. Reyndar telur hún að það þurfi fjölbreyttari menntun í lögregluna. „Einsleitni hefur háð okkur. Hæsta hlutfall kvenna í lögreglu á Íslandi hefur verið 13-14%. Við erum 50% Íslendinga." Hún segir þetta ekki bara eiga við um konur. „Ég vil sjá lögregluna spegla samfélagið. Fólk af erlendum uppruna og innflytjendur. Ég vil að fatlaðir fái aðgang í lögregluna."

Það eru strangar kröfur inn í Lögregluskólann. Þeir sem hafa ekki full tök á íslensku eiga erfitt með að komast inn. Fólk með lesblindu hefur átt í erfiðleikum. „Svo er líkamlega krafan. Vissulega er þörf á að ákveðinn fjöldi lögreglumanna sé í góðu formi, en það er fullt af störfum sem útheimta ekki líkamlegt gott form. Það eru dæmi í útlöndum, ég veit um einn blindan lögreglumann og annan sem lamaðist og er bundinn hjólastól."

**Ekki vör við samskiptavanda**

Mikið hefur verið fjallað um samskiptavanda yfirstjórnar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. M.a. var fjallað um í nýlegri úttekt Stundarinnar að Eyrún hefði sagt samskiptavandann snúast um tvo karla sem hefðu misst völd. Síðan hefði hún verið skipuð í nýtt starf. *Er ekki verið að ýja að því að þú hafir fengið stöðuna að launum fyrir stuðning við lögreglustjóra?* „Mér finnst mjög alvarlegt að setja þetta fram svona. Þessi staða er búin að eiga sér langan aðdraganda. Það er villandi, rangt og skapar tortryggni að setja þetta upp svona. Það þarf ekkert að verðlauna mig fyrir að styðja Sigríði Björk."

Hún segir hafa komið sér á óvart að hennar nafn hafi verið nefnt. „Ég er ekki í yfirstjórn. Ég hef stutt Sigríði því ég er sammála áherslum hennar í löggæslu. Sigríður gæti heitið Sigurður eða Jón eða hvað sem er. Ég held að lögreglufólk sé hissa á þessari umfjöllun. Finnist þetta dramatíserað. Ég mæti brosandi í vinnuna. Það verður enginn innanhúss var við þetta. Þessi samskiptavandi nokkurra hefur ekki heltekið lögregluna. Fólk er bara að vinna."

Hún segir þó að breytingar geti auðvitað reynst fólki erfiðar. „Það er verið að breyta löggunni. Það er erfitt fyrir fólk sem hefur verið í sama starfinu lengi og með sína heimsmynd fastmótaða. Það er verið að mylja það niður. Ég get sett mig í spor þeirra. En samskiptavandi, ég hef ekki orðið vör við það."

**Útvaldir fengu bara framgang**

Eins og Eyrún hefur áður rætt segir hún karlakúltúr innan lögreglunnar.

„En ég finn viðhorfsbreytingu. Ég held það séu góðir hlutir að gerast, t.d. með því að taka Lögregluskólann upp á háskólastig ef af því verður. Þar er verið að efla lögreglu. Samhliða er verið að breyta þessari rótgrónu stofnun lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Það er verið að brjóta niður hírerarkíu, sem er búin að ráða ríkjum lengi þar sem útvaldir hafa fengið framgang í starfi, aðrir ekki. Það er verið að fletja þetta út. Við erum öll jöfn. Það er verið að nútímavæða lögregluna. Svara kalli samfélagsins um breytingar."

**visir.is** Viðtalið má hlusta á í lengri útgáfu á Vísi, í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið.

THULE® SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar



# Hætturnar leynast víða



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Hafin er umræða um hvernig tryggja megi betur öryggi ferðamanna hér á landi eftir að kínverskur maður lét lífið í hörmulegu slysi í Reynisfjöru á miðvikudagsmorgun. Slys á ferðamönnum hafa verið tíð síðustu vikur og eðlilegt að þau verði kveikja að vangaveltum um hvort hér megi ekki eitthvað betur fara.

En um leið og umræðan er þörf og ágæt er mikilvægt að ekki ráði för lítt hugsuð viðbrögð við voveiflegum atburðum. Þannig má velta fyrir sér hvort ekki sé farið offari þegar velt er upp hugmyndum um auknar takmarkanir að vinsælum ferðamannastöðum, eða uppsetningu markaðra gönguleiða sem fólk er beðið að halda sig innan. Ímynd landsins snýst jú að stórum hluta um að hér megi ganga að óspilltri náttúru vísri og víðernum sem fara má um jafnvel án þess að rekast á aðra manneskju.

Vitað mál er að íslensk náttúra getur verið bæði hættuleg og óvægin, bæði vegna aðstæðna og svo vegna veðurs. Hér verða ferðamenn seint leiddir þannig um að þeir þurfi hvergi að gá að sér, hvort sem um er að ræða innfædda eða útlendinga.

Um leið er ljóst að upplýsa þarf fólk um þær hættur sem á vegi þeirra geta orðið. Að því loknu hlýtur að þurfa að treysta hverjum og einum til að bera ábyrgð á sjálfum sér. Dæmin sanna hins vegar að enn betur þarf líklega að gera í að vara fólk við og þá sér í lagi á stöðum á borð við Reynisfjöru.

Líklega er lykillinn að því að auka öryggi ferðamanna fólginn í auknum forvörnum og fræðslu. Í viðtali við Vísi í gær bendir Jónas Guðmundsson, ferðamálafræðingur sem meðal annars vinnur að slysavörnum ferðamanna hjá Landsbjörgu, á að í þeim efnum hafi ýmislegt verið gert, svo sem með samstarfsverkefninu Safe Travel, en augljóslega þurfi að bæta í.

Hann bendir líka á að huga þurfi að uppbyggingu innviða sem hreint ekki geri ráð fyrir þeirri aukningu sem orðið hefur á ferðamönnum hingað til lands. Þar er vegakerfið æpandi dæmi. Dauðagildrum má til dæmis fækka með því að einbreiðar brýr hverfi úr vegakerfinu. Þá bendir Jónas á að fjölga mætti útskotum þar sem ferðamenn geta stöðva bíla sína til að taka myndir og njóta náttúru. „Svo væri það bara 100 þúsund króna sekt ef þú stoppar á miðjum veginum,“ stingur hann líka upp á.

Þá verður að teljast undarleg stefna að berja í gegn niðurskurð hjá lögregluliðum landsins þar sem straumur ferðamanna er hvað mestur eins og raunin er á Suðurlandi.

Það er ekki nóg að laða hingað ferðamenn með markaðssetningu heldur þarf líka að sinna þeim þegar þeir eru komnir á staðinn. Hætt er við að draga kunni úr vilja fólks til að koma hingað til lands ef landið fær á sig þann stimpil að vera dauðagildra vegna þess að stjórnvöld ráðstafi ekki fjármunum í uppbyggingu og viðhald innviða. Náttúrunni verður ekki stýrt, en það sem við verður ráðið á að hafa í lagi.

> **Hér verða ferðamenn seint leiddir þannig um að þeir þurfi hvergi að gá að sér, hvort sem um er að ræða innfædda eða útlendinga.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Formaðurinn dansar á línunni**
Þórgnýr Thoroddsen, formaður ÍTR og fulltrúi Pírata, vissi ekki að hann hefði styrkt sjálfan sig þegar ráðið samþykkti 300 þúsund króna styrk til danshópsins Lindy Ravers til að kenna dansinn lindí hopp. Það var ekki fyrr en blaðamaður hringdi og benti honum á að hann væri stjórnarformaður félagsins sem Þórgnýr hrökk í kút, enda nýbúinn að brjóta siðareglur kjörinna fulltrúa. Þórgnýr stofnaði félagið og þótti óþægilegt að hann kæmi að styrkveitingunni. Það má nærri segja að fulltrúi minnihlutans hafi hoppað hæð sína þegar bent var á mistökin, svo mikið hlakkaði í honum. Kannski Lindy Ravers bjóði fulltrúum minnihlutans á námskeið svo þeir geti æft taktana fyrir næsta klúður.

**Mötuneytisblús**
Fréttablaðið greindi frá því í gær að stúlka í Fellaskóla hefði ekki mátt taka þátt í pítsuveislu í skólanum á öskudag því hún er ekki skráð í mat í skólanum. Stúlkan kom með pening til að borga fyrir máltíðina. Dagur B. borgarstjóri brást hinn versti við tíðindunum og sagði að engum ætti að vísa úr matarröðinni. Síðar kom í ljós að í Árbæjarskóla fá börn sem koma með nesti ekki að snæða í mötuneytinu. Það er greinilega víða pottur brotinn í mötuneytum borgarinnar.

snaeros@frettabladid.is

# Völd forseta Íslands



Eva H. Baldursdóttir
lögfr. og fyrrverandi starfsmaður stjórnlaganefndar og stjórnlagaráðs

Um alllangt skeið hafa fræðimenn, núverandi forseti, stjórnmálamenn og fleiri tekist á um hlutverk og völd forseta. Sitt sýnist hverjum og umræðan einkennist af lögfræðilegum vangaveltum, flokkapólitík og persónulegum skoðunum. Kjarninn í umræðunni er að hlutverk forseta er óskýrt samkvæmt íslenskum stjórnlögum og hefur verið undirorpið þróun á stjórnskipulegum vettvangi.

Óvissa um hlutverk og völd forseta leiðir til þess að það er háð persónu hans og geðþótta hverju sinni hversu langt völd hans ná. Nærtækasta dæmið er málskotsréttur forseta til þjóðar um synjun eða samþykkt á frumvörpum frá Alþingi. Enga takmörkun er að finna á beitingu þess valds í stjórnarskránni, sem leiðir til þess að fræðilega getur forseti skotið fjárlögum til þjóðaratkvæðis. Hlutverk forseta í utanríkismálum er óskýrt en ekki er ljóst hvort hann er bundinn af utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar. Þá takast menn á um hvort forsetinn geti íhlutast til um stjórnarathafnir framkvæmdarvaldsins, sem hingað til hefur verið litið á sem hlutverk formlegs eðlis. Alvarleg togstreita gæti orðið við stjórn landsins ef einhver framantalinna atriða yrðu að veruleika. Forsetinn er einn einstaklingur. Hann er ekki bundinn skyldu til samráðs eða er inni í forsendum ákvarðana í einstaka málum. Þingmenn og ráðherrar hafa allajafna skyldur við tiltekinn hóp manna, svo sem þann flokk sem þeir tilheyra, stjórnsýslu og svo framvegis. Ráðherrar bera svo lagalega og pólitíska ábyrgð. Þá þarf a.m.k. 32 menn til að samþykkja lög auk þeirra sem að málum koma á fyrri stigum.

Þróun embættis forseta Íslands hefur leitt til þess að það er ekki í takt við stjórnskipan annarra evrópskra þingræðisríkja. Í Frakklandi, þar sem stjórnskipunin er kennd við forsetaræði, er svigrúm forseta til beitingar á málskotsrétti takmarkað bæði hvað varðar málaflokka og persónulegt athafnafrelsi. Ísland hefur talist til ríkja sem búa við hreint þingræði en spyrja má hvort þróun stjórnskipunarinnar skipi okkur meðal ríkja sem búa við forsetaræði. Er það sú skipan sem þjóðin vill? Í tillögum Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá var að finna margar góðar breytingar á embætti forseta t.d. að takmarka setu hans í embætti, breytingu á kjöri o.s.frv. Breytingar sem eru löngu tímabærar. Staða forsetaembættisins er aðeins ein önnur áminning um nauðsyn endurskoðunar á stjórnarskránni.

> **Ísland hefur talist til ríkja sem búa við hreint þingræði en spyrja má hvort þróun stjórnskipunarinnar skipi okkur meðal ríkja sem búa við forsetaræði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þetta er leiðindapistill

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Það var líklega einhvers konar uppeldisleg tilraun til þess að auka ábyrgðartilfinningu og lýðræðisvitund okkar systkinanna þegar foreldrar okkar gáfu okkur kost á því að velja milli þess að keypt yrði uppþvottavél eða þurrkari inn á heimilið. Gegn því að fá að hafa eitthvað að segja um það hvort tækið yrði keypt þá áttum við að fallast á það að sinna því verkefni sem ekki yrði leyst með vélvæðingu. Við völdum uppþvottavélina og mátti því heita að við værum skuldbundin til þess að hengja upp þvottinn á heimilinu. Það var að minnsta kosti skárra en uppvaskið.

Ég hafði reyndar lúmskan grun um að í raun kæmi ég til með að sleppa mjög billega frá þessum samningi – og það varð raunin. Við hengdum lítið upp af þvotti og innan skamms var kominn ágætur þurrkari á heimilið. Niðurstaðan var því sú sem algeng er í velmegunarsamfélagi nútímans; bæði betra.

## Fegurð leiðindanna

En það kom fleira til þegar við systkinin veltum fyrir okkur hvort tækið ætti að kaupa. Ég hafði töluverðar áhyggjur af því hvaða áhrif það hefði á prestsstörf föður míns ef hann hætti alfarið að vaska upp. Í minningunni var það gjarnan pabbi sem sá um uppvaskið eftir kvöldmatinn og stundum hjálpuðum við systkinin við að þurrka. Þetta var róleg stund og oftast kom í ljós að uppvaskið var ekki eins þrautleiðinlegt og maður hafði ætlað. Það er með uppvask eins og margt annað – verkkvíðinn er miklu verri en verkið sjálft. Og þótt uppvask sé í eðli sínu frekar fábreytt og þar af leiðandi leiðinlegt, þá leynist stundum í því einhver undarlegur unaður að ráðast á ólögulegan haug af óhreinu og klístruðu leirtaui, handleika það í heitu vatni og skila því skínandi fallegu aftur upp í skápa.

## Sköpunarmáttur leiðindanna

Þrátt fyrir, eða öllu heldur vegna tilbreytingarleysis uppvasksins hafði pabbi löngum haft á orði að það væri ekki svo slæmt. Hann vildi meina að hann fengi gjarnan sínar bestu hugmyndir í prédikanir og líkræður á meðan hann stæði yfir diskum og pottum og færi í gegnum hið daglega rítúal að hreinsa leirtau.

Orð föður míns eiga sér samsvörun í niðurstöðum vísindalegra rannsókna. Þær hafa sýnt að þegar manni leiðist þá fer hugurinn á flug og þeim mun betur eftir því sem leiðindin eru meiri. Í einni rannsókn var fólki fengið það hlutverk að endurrita símanúmer úr símaskrá á blað í dágóðan tíma. Var fólkinu svo fengið verkefni sem reyndi á skapandi hugsun. Niðurstöðurnar voru að hugmyndum fjölgaði og þær urðu frjórri í samanburði við þá sem ekki þurftu fyrst að glíma við leiðindin.

Það var því mikið hættuspil að kaupa uppþvottavélina. Hvar myndi pabbi þá fá hugmyndir fyrir ræðurnar sínar? Ekki gengi að senda uppþvottavélina upp að altari á sunnudögum til þess að tala yfir söfnuðinum.

## Að leiðast út í leiðindi

Á allra síðustu árum hefur tæknin í raun gert okkur kleift að lifa í heimi þar

> **Það var því mikið hættuspil að kaupa uppþvottavélina. Hvar myndi pabbi þá fá hugmyndir fyrir ræðurnar sínar? Ekki gengi að senda uppþvottavélina upp að altari á sunnudögum til þess að tala yfir söfnuðinum.**

sem okkur þarf aldrei að leiðast. Fólk getur með einu handtaki framkallað úr vasa sínum aðgang að óþrjótandi brunni þekkingar og afþreyingar þegar það bíður eftir að komast til læknis, stendur í biðröð eða situr á klósettinu. Og ekki nóg með að fullorðið fólk sé búið að koma kirfilega í veg fyrir að því þurfi nokkru sinni að leiðast – það hefur gjarnan svo miklar áhyggjur af leiðindum barna sinna að það keppist við að fylla hverja tóma stund þeirra af einhvers konar afþreyingu eða skipulögðum verkefnum – til að bjarga þeim frá oki leiðindanna.

En raunin er líklega oftast sú að fólk nýtir tímann sem sparast frá leiðindum í ennþá meiri leiðindi. Það er lengur í vinnunni, les fleiri tölvupósta, skrifar fleiri tölvupósta og hefur meiri áhyggjur af tölvupóstum. Svo, þegar tölvupósturinn er búinn er hægt að nota allan tímann sem sparast til þess að fara á netið og lesa fréttir, og endurhlaða nokkrum sinnum forsíðum helstu fréttamiðla, þangað til maður er orðinn sannfærður um að maður sé ekki að missa af heimssögulegum viðburði og hafi fengið tæmandi yfirlit yfir það hvað innlendar og erlendar stjörnur hafa að segja um töskutísku, kjóla og kynlíf. Sjónvarpið, Netflix og YouTube geta svo tekið yfir stjórnborð heilans í kjölfarið og – ef það dugir ekki þá er Facebook barmafullt af afþreyingu.

Í stað þess að leiðast, þá látum við leiðast áfram í endalausum frumskógi innihaldslausrar afþreyingar.

## Leiðinleg hugmynd

Mörg missum við líklega af umtalsvert mikilvægum lífsgæðum þegar við látum leiðast áfram af afþreyingu í stað þess að leyfa okkur öðru hverju að leiðast yfir fábreytilegum verkefnum.

En rétt eins og uppþvottavélin á heimilinu hefur haldið stöðu sinni þá eru gagnsemi, þægindi og skemmtanagildi snjallsíma og sjónvarps svo mikil að þeim verður líklega ekki fórnað í bráð í þágu hefðbundinna leiðinda. Það er þó umhugsunarefni fyrir þá sem vilja minnka samskipti sín við hina fyrirhafnarlausu stafrænu afþreyingu sem alls staðar býðst—að kannski þarf ekki að finna eitthvað skemmtilegra í staðinn. Kannski er betra að leita frekar að einhverju leiðinlegu til að gera—eins og til dæmis að lesa þennan pistil, eða—sem væri enn betra—að handskrifa hann upp í stílabók nokkrum sinnum. Þá fyrst fer hugurinn á flug.

# Bjarni, þú ert ekki sammála mér, þú ert ekki einu sinni sammála sjálfum þér



Kári Stefánsson
forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Það gladdi mig þegar ég vaknaði á miðvikudaginn að sjá í fjölmiðlum að Bjarni Benediktsson lét hafa það eftir sér að hann væri sammála mér um heilbrigðismál.

Steingrímur Thorsteinsson segir í þeirri einu trúarsetningu sem hefur virkað fyrir mig:

*Trúðu á tvennt í heimi,*
*tign er æðsta ber:*
*Guð í alheims geimi*
*Guð í sjálfum þér.*

Og milli línanna segir Steingrímur að við eigum að trúa á guð í öðru fólki, það góða í öðru fólki og það bendir ekkert til þess að Bjarni Benediktsson sé þar undanskilinn. Þess vegna er ég að reyna að trúa á það góða í fólki þessa dagana og þess vegna langar mig að trúa því að Bjarni sé mér sammála um heilbrigðismál, þótt það rími ekki beinlínis við gerðir hans sem fjármálaráðherra eða annað sem hann sagði í viðtalinu í um daginn. Og nú skulum við skoða tvö atriði úr viðtalinu:

Bjarni segir að aðferðin til þess að hlúa betur að heilbrigðiskerfinu sé að skapa meiri verðmæti. Það væri göfugt og gott fyrir íslenskt samfélag að við sköpuðum meiri verðmæti og kannski tekst okkur að gera það og kannski ekki. Það er hins vegar ekkert „kannski“ um þörfina á því að endurreisa heilbrigðiskerfið og henni verður að mæta hvort svo sem okkur tekst að búa til meiri verðmæti eða ekki. Þegar Bjarni tengir saman sköpun á meira verðmæti og endurreisn heilbrigðiskerfisins er hann að heykjast á því að forgangsraða. Hann er að svindla ef gengið er út frá forsendum söfnunarinnar og þess vegna erum við með öllu ósammála um það hvernig eigi að standa að endurreisninni.

Annars staðar í viðtalinu segir Bjarni orðrétt: „Ef menn horfa á áherslur þessarar ríkisstjórnar í einhverri sanngirni, af sanngirni þá er alveg augljóst að við höfum stóraukið framlög til heilbrigðismála og við ætlum að gera það áfram.“

Það þarf að horfa á áherslur ríkisstjórnarinnar annaðhvort með skringilegum gleraugum eða lokuðum augum til þess að komast að þeirri niðurstöðu að hún hafi stóraukið framlög til heilbrigðismála, vegna þess að hún hefur ekki gert það. Sú krónuaukning sem Bjarni er hér að stæra sig af nær ekki verðbótum og launahækkunum, en hvorugur þeirra þátta hefur áhrif á þjónustustigið sem hefur versnað upp á síðkastið. Þegar horft er á áherslur þessarar ríkisstjórnar í heilbrigðismálum rekst maður á sanngirnina sem felst í því að á Landspítalanum liggja sjúklingar á göngum og í kústaskápum. Um síðustu helgi var ástandið meira að segja svo slæmt að menn voru að velta því fyrir sér að hýsa sjúklinga í bílskúr spítalans.

Þegar Bjarni segist sammála mér um að það þurfi að hlúa að heilbrigðiskerfinu er ég ekki alveg viss um að hann viti hvað hann er að segja og sá mögnuleiki sé fyrir hendi að hann sé ósammála sjálfum sér. Ein af ástæðunum fyrir þessum vafa mínum er eftirfarandi saga, nýleg: Þegar verið var að ganga frá endanlegri útgáfu af fjárlagafrumvarpi rétt fyrir jólin gekk maður undir manns hönd við að reyna að sjá til þess að 2,5 milljörðum króna yrði bætt við hlut Landspítalans til þess að hægt yrði að reka hann á þessu ári á sömu forsendum og árið 2015. Þegar þetta kom inn á borð til Bjarna sá hann persónulega til þess að viðbótarfjármagnið til

> **Þegar horft er á áherslur þessarar ríkisstjórnar í heilbrigðismálum rekst maður á sanngirnina sem felst í því að á Landspítalanum liggja sjúklingar á göngum og í kústaskápum.**

spítalans varð ekki nema 1,25 milljarðar og kvað ríkið ekki hafa efni á meiru. Nokkrum dögum síðar sagði hann því að á þessu ári yrði afgangur af ríkisfjármálum upp á 300 milljarða króna. Fjármálaráðherra sem gerði þetta getur varla verið sami fjármálaráðherra sem segist vera sammála mér um heilbrigðismál, nema hann sé einfaldlega ósammála sjálfum sér.

Í upphafi þessa pistils lagði ég áherslu á göfgina við það að sjá hið góða í öðrum og meðal annars í Bjarna Ben. Bjarni er flottur ungur maður, duglegur og einbeittur og stundum bráðskemmtilegur sem hefur náð ótrúlega langt í stjórnmálum. Hann er allt annað en vitlaus, sem sést best á því að þegar 62 þúsund kjósendur voru búnir að skrifa undir Endurreisn sté Bjarni fram og sagðist vera nokkurn veginn sammála kröfunni. Þar misreiknaði hann sig hins vegar pínulítið vegna þess að það er of stutt síðan hann einn og óstuddur vó að kjarna íslensks heilbrigðiskerfis við gerð fjárlaga til þess að nokkur maður trúi honum núna. Við erum hins vegar orðin myndarlegur hópur kjósenda sem ætlum okkur að beina honum á rétta braut og það er eins gott fyrir hann að láta að stjórn því annars verður hann kominn í svo mikla skuld þegar kemur að kosningum að hann verður ekki Borgunarmaður fyrir henni.

Domus vox
- þar sem röddin þín hljómar -

Söngleikjanámskeið
á vorönn 12 til 16 ára
framkoma - einsöngur -
dans - hópavinna

Kórskóli fyrir konur
– byrjendur og lengra komnar -

Söngkort fyrir alla
sem vilja raddþjálfun
tónfræði - fjarnám

Skráning á domusvox.is og upplýsingar
í síma 511-3737/861-7328/893-8060



Markhönnun ehf

# netto




## Verðsprengja

2 saman í pakka

Stutt læri - Meira kjöt - Minna af beinum

-20%

SS LAMBALÆRI STUTT
2 STK - FROSIN
**1.198**
ÁÐUR 1.498 KR/KG



-21%

ÍSFUGL KALKÚNABRINGA
**2.867**
ÁÐUR 3.629 KR/KG



FERSKT LAMBAPRIME
**3.598**
ÁÐUR 3.998 KR/KG



GOÐI LAMBABÓGUR
**1.066**
ÁÐUR 1.198 KR/KG




-20%

SS LAMBALUNDIR - FROSNAR
**4.238**
ÁÐUR 5.298 KR/KG




COCA COLA ZERO - 2L
**195**
ÁÐUR 224 KR/STK




-25%

GRANDIOSA PIZZA - 4 TEG
**589**
ÁÐUR 789 KR/PK

**Tilboðin gilda 11. – 14. feb 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



KJÖTSEL LAMBALÆRI - FERSKT
**1.487**
ÁÐUR 1.690 KR/KG




-36%

SUN YAN NÚÐLUR - 65 G
**99**
ÁÐUR 155 KR/PK

SUN YAN NÚÐLUR - 85 G
**49**
ÁÐUR 59 KR/PK



-50%

JARÐARBER
**299**
ÁÐUR 598 KR/PK




-30%

RANA PASTA - FERSKT
**Verð frá 299 kr/pk**




OKKAR KAFFI
**499**
ÁÐUR 599 KR/PK



-34%

GULRÓTARTERTA
**989**
ÁÐUR 1.498 KR/STK




-25%

FINISH CLASSIC - 30 STK
**674**
ÁÐUR 899 KR/PK




DOWNTOWN CRAVING ÍS
4 TEG
**699**
ÁÐUR 798 KR/STK




OETKER PIZZABURGER 2 TEG
**497**
ÁÐUR 599 KR/PK

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# SPORT



Arna Stefanía Guðmundsdóttir keppir í tveimur greinum um helgina en Aníta Hinriksdóttir tekur einnig þátt og keppir í 800 metra hlaupi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Náði óvart
# EM-lágmarki

**Arna Stefanía Guðmundsdóttir, hlaupadrottning úr FH, keppir með dönskum stöllum sínum í 4x200 metra boðhlaupi á Norðurlandamóti um helgina.**

**FRJÁLSAR** Arna Stefanía Guðmundsdóttir, tvítug hlaupadrottning úr FH, verður á meðal íslenskra keppenda á Norðurlandamóti innanhúss í Växjö í Svíþjóð um helgina. Hún getur ekki keppt í sinni sterkustu grein, 400 metra grindahlaupi, innanhúss en keppir þess í stað í 400 metra hlaupi og 4x200 metra hlaupi ásamt dönskum stúlkum. Ísland og Danmörk mæta með sameiginlegt lið til leiks á mótið.

„Þetta eru ógeðslega flottar stelpur sem ég fæ að hlaupa með. Ein þeirra varð í fjórða sæti á HM síðasta sumar þannig að þetta verður bara ótrúlega gaman,“ segir Arna Stefanía, en hún var að skoða úrvalið í Fríhöfninni þegar Fréttablaðið heyrði í henni í gær.

Arna Stefanía er skráð til leiks í boðhlaupssveitina ásamt fjórum dönskum stúlkum en aðeins fjórar hlaupa og ein þeirra verður Arna.

„Danirnir eru búnir að vera ansi frekir á sín sæti sem er svo sem eðlilegt. En það er alveg búið að samþykkja að ég muni hlaupa því ég er, held ég, með þriðja besta tímann,“ segir Arna sem hefur engar áhyggjur af tungumálaörðugleikum.

„Ég er betri í dönsku en ensku ef eitthvað er. Aðallega ætla ég bara að einbeita mér að því að koma keflinu til skila,“ segir hún og hlær.

Arna hefur verið á miklum skriði undanfarin misseri og gengið vel eftir að hún skipti frá ÍR til FH. Hún vann fern gullverðlaun á 89. Meistaramóti Íslands síðasta sumar og setti svo mótsmet í 400 metra hlaupi á Reykjavíkurleikunum á dögunum.

„Ég er rosalega glöð hjá FH; ánægð með þjálfarann og allt sem er í gangi hjá félaginu. Ég finn að mér líður vel og þegar andlega hliðin er í lagi þá smellur allt hitt. Mér finnst alltaf gaman að mæta á æfingar og ég nýt þess að gera það sem ég er að gera. Ég er að gera þetta fyrir sjálfa mig og finn að mér líður vel. Ef manni líður vel þá stendur maður sig vel,“ segir Arna Stefanía.

Þessi tvítuga stúlka stóð sig frábærlega á ungmennamóti í Belgíu í lok ágúst á síðasta ári. Hún setti aldursflokkamet í 400 metra grindahlaupi og vann hlaupið. Arna var ánægð með árangurinn en síðar um haustið kom í ljós að tíminn sem hún náði var EM-lágmark.

„Þjálfarinn minn sagði mér bara frá þessu á æfingu. Ég fór aldrei þarna út til að ná EM-lágmarki en ég er búin að hlaupa tvisvar undir því. Ég pældi ekki einu sinni í þessu þegar ég kom heim eftir mótið en það er gott að vera komin með lágmark og þurfa ekkert að hugsa meira um þetta. Ég get bara einbeitt mér að því að bæta mig,“ segir Arna sem mun því keppa á EM í frjálsum í Amsterdam í júlí.

„Ég hef aldrei keppt á stórmóti fullorðinna áður. Það er bara geðveikt að fá að keppa á svona stórmóti í fyrsta sinn,“ segir hún.

Arna hefur lagt áherslu á 400 metra grindina. „Þetta er mjög opin grein og það er ekkert alltaf sá sem á besta tímann fyrir hlaupið sem vinnur. Maður þarf að pæla í hlutum eins og skrefum og vindi sem mér finnst gaman.“ **tomas@365.is**




## Nýjast

### Olís-deild karla

**ÍBV - FH 20-19**
**ÍBV:** Andri H. Friðriksson 6, Kári Kristjánsson 5/4, Agnar Smári Jónsson 3.
**FH:** Einar Rafn Eiðsson 7/3, Águst Birgisson 3, Benedikt Reynir Kristinsson 3.

**Akureyri - ÍR 22-21**
**Akureyri:** Kristján Jóhannsson 6/1, Brynjar Grétarsson 6, Hörður Másson 4.
**ÍR:** Davíð Georgsson 5, Sturla Ásgeirsson 4/3, Jón Björgvinsson 4, Aron Ægisson 4.

**Víkingur - Haukar 26-30**
**Víkingur:** Jóhann Reynir Gunnlaugsson 8, Karolis Stropus 6, Atli Bachmann 6.
**Haukar:** Adam Haukur Baumruk 9, Janus Daði Smárason 8, Hákon Daði Styrmisson 5, Tjörvi Þorgeirsson 2.

**Afturelding - Fram 29-24**
**Afturelding:** Mikk Pikkonen 9, Árni Bragi Eyjólfsson 8, Birkir Benediktsson 3.
**Fram:** Ólafur Ægir Ólafsson 5, Arnar Freyr Arnarsson 4, Þorgrímur S. Ólafsson 4.

**Valur - Grótta 23-24**
**Valur:** Geir Guðmundsson 8, Elvar Friðriksson 3, Guðmundur Helgason 3.
**Grótta:** Aron Dagur Pálsson 6, Júlíus Stefánsson 4, Daði Laxdal Gautason 4.

**Staðan**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 32 | Grótta | 20 |
| Valur | 30 | Akureyri | 19 |
| Fram | 21 | FH | 16 |
| ÍBV | 21 | ÍR | 12 |
| Afturelding | 21 | Víkingur | 6 |

### Domino's-deild karla

**Tindastóll - Njarðvík 88-79**
**Tindastóll:** Darrel Lewis 22, Anthony Gurley 21, Myron Dempsey 16.
**Njarðvík:** Jeremy Atkins 21, Logi Gunnarsson 20, Haukur Helgi Pálsson 12.

**Staðan**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| KR | 28 | Tindastóll | 18 |
| Keflavík | 26 | Grindavík | 16 |
| Stjarnan | 24 | Snæfell | 14 |
| Haukar | 20 | ÍR | 10 |
| Þór | 20 | FSu | 6 |
| Njarðvík | 20 | Höttur | 2 |

**SAFNAÐ FYRIR ABEL**
Knattspyrnudeild ÍBV staðfestir í fréttatilkynningu í dag að markvörður félagsins, Abel Dhaira, sé að glíma við krabbamein í kviðarholi. Hann var skorinn upp í heimalandi sínu, Úganda, fyrir áramót vegna meinsins en mun svo hefja læknismeðferð hér á Íslandi í næstu viku.
Félagið og styrktaraðilar ætla að standa þétt við bakið á Abel og leitast við að tryggja honum bestu læknishjálp sem völ er á, stendur í tilkynningunni.
Því hefur ÍBV ákveðið að standa fyrir fjársöfnun til handa Abel í samstarfi við Vodafone.
Nánari upplýsingar um söfnunina eru á Vísi.



## Í dag

**20.00 AT&T Pebble Beach** Golfst.

**Olís-deild kvenna**
**19.30 Stjarnan - Haukar**

KYNNINGARBLAÐ
FÓLK
Lífsstíll



Eva Laufey Hermannsdóttir býður í indverska veislu. Síða 6

Söngkonan Stefanía Svavarsdóttir missir ekki af íslenska Eurovision þrátt fyrir að vera búsett í Köben. Síða 6

# DÁSAMLEGT AÐ FÁ FÓLK TIL AÐ HLÆJA

Vaxandi ókyrrð olli því að Margrét Kristín Sigurðardóttir, betur þekkt sem tónlistarkonan Fabúla, hóf leiklistarnám í London. Sonur hennar, Ágúst Örn, hefur tekið þátt í fjölda leiksýninga á undanförnum árum og leikur nú í leikritinu Í hjarta Hróa hattar. FRAMHALD Á SÍÐU 2








Systkinin Ágúst Örn og Embla á góðri stund í London.



Ágúst Örn í hlutverki sínu í leikritinu Í hjarta Hróa hattar.



Margrét í dansspunaverkinu „Appetite“ í Drama Studio London.

» FRAMHALD AF FORSÍÐU

Þrátt fyrir farsælan feril sem tónlistarkona blundaði leiklistardraumurinn alltaf í Margréti Kristínu Sigurðardóttur, sem flestir landsmenn þekkja sem tónlistarkonuna Fabúlu. Fyrir einu og hálfu ári hóf hún leiklistarnám við Drama Studio London og útskrifaðist þaðan ári síðar og leitar sér nú verkefna á nýjum starfsvettvangi.

Það eru þó fleiri í fjölskyldunni sem smitast hafa af leiklistarbakteríunni því að sonur hennar, Ágúst Örn Börgesson Wigum, steig fyrst á svið aðeins sjö ára gamall í leikritinu Oliver Twist í Þjóðleikhúsinu. Á undanförnum átta árum hefur hann m.a. leikið í Macbeth, Línu Langsokk, Óvitum og leikur þessa dagana í leikritinu Í hjarta Hróa hattar. Auk þess lék hann í kvikmyndinni Eldfjalli og stuttmyndinni Hvalfirði.

Þótt ferill Margrétar hafi í upphafi einkennst af tónlistarsköpun segir hún leiklistina alltaf hafa skipað stóran sess í æsku hennar. „Að fá eitthvað út úr því að „vera einhver annar“ hefur fylgt mér alla tíð. Ég setti upp alls kyns sýningar í bílskúrum með vinkonum mínum og hlutverkaleikir voru uppáhaldið okkar. Þegar ég lék í skólaleikriti í Melaskóla fannst mér ég vera að upplifa einhvern draum. Ég hugsaði þó lítið um hvað ég vildi verða þegar ég yrði stór, núið var svo miklu áhugaverðara. En ég vissi að ég þráði tilfinningalega nánd. Þráði að tengjast á sterkan hátt. Um þetta snýst auðvitað bæði tónlistin og leiklistin. Og það að segja sögur.“

Sonur hennar fékk líka leiklistaráhugann ungur að árum. „Þegar ég var lítill átti ég það oft til að fara í ýmsa búninga og leika og syngja fyrir þá sem voru heima. Fyrsta alvöru hlutverk mitt var í Oliver Twist og um leið það eftirminnilegasta en þá lék ég ungan þjóf.“

## VAXANDI ÓKYRRÐ

Kannski má rekja kveikjuna að viðsnúningi Margrétar til útskriftar hennar frá Kennaraháskólanum á sínum tíma. Þar lék hún einn af kennurum sínum í skemmtiatriði og segist þá hafa uppgötvað fyrst sem fullorðin hvað henni þótti gaman að leika og ekki síður, að hún gæti það. „Það var dásamlegt að fá fólk til að hlæja. Á þessum tíma var ég nýbúin að gifta mig og maðurinn minn var á leið til Noregs í verkfræðinám. Ég fann því leiklistardeild við Háskólann í Þrándheimi og naut námsins í botn. Á meðan á því stóð opnuðust líka augu mín fyrir því að ég gæti samið tónlist. Að loknu því námi var ég að velta fyrir mér hvert ég vildi stefna þegar systir mín lést skyndilega aðeins 29 ára. Þetta sneri auðvitað lífi okkar allra á hvolf og markaði okkur mikið.“ Tónlistin var því leið hennar til að vinna úr öllum sársaukanum og hún gaf út sína fyrstu plötu árið 1996. Í kjölfarið fylgdu þrjár aðrar plötur og á 18 ára tímabili var tónlistin ástríða hennar og atvinna.

> „Ég naut námsins en ég var eirðarlaus. Það var eins og hausinn á mér væri sífellt að stækka en kroppurinn að minnka. Daglega heyrði ég í leiklistarnemunum öskra og stappa á hæðinni fyrir neðan og mig langaði til þess að það birtist slökkviliðssúla í gólfinu svo ég gæti rennt mér niður til þeirra.
>
> Margrét Kristín Sigurðardóttir

En þótt tónlistin ætti hug hennar allan fann hún fyrir vaxandi ókyrrð. Árið 2013 settist Margrét aftur á skólabekk, nú í Listaháskólanum, og nam þar tónsmíðar. „Ég naut námsins en ég var eirðarlaus. Það var eins og hausinn á mér væri sífellt að stækka en kroppurinn að minnka. Daglega heyrði ég í leiklistarnemunum öskra og stappa á hæðinni fyrir neðan og mig langaði til þess að það birtist slökkviliðssúla í gólfinu svo ég gæti rennt mér niður til þeirra.“

Eftir að skólaárinu lauk var Margrét tvístígandi með framhaldið. „Fljótlega fór ég að skoða hvaða leiklistarskólar væru í boði fyrir manneskju á mínum aldri. Á endanum fann ég Drama Studio London og flaug til London í mars 2014 til að taka þátt í opnum degi hjá skólanum. Að koma þar inn var eins og að koma heim og nú varð ekki aftur snúið. Ég sótti um stíft eins árs nám fyrir fólk með nægan bakgrunn og komst inn.“

Sonurinn tekur í sama streng og segist þekkja vel hvað leiklistin getur verið heillandi. „Mér finnst bara einfaldlega eins og ég eigi heima í þessum leikhúsheimi. Það er gott að vera allt í einu einhver annar og ég held að ég eigi frekar auðvelt með að lifa mig inn í tilfinningar annarra sem er nauðsynlegt í þessu starfi.“ Samvinna mæðginanna er með miklum ágætum að sögn Ágústs. „Við mamma „peppum“ hvort annað upp reglulega. Svo hefur hún alltaf lesið á móti mér þegar ég er að undirbúa mig fyrir hlutverk og það sama get ég gert núna fyrir hana.“

## GEGNUM ÞYRNIGERÐIÐ

Fyrir flesta er mikil áskorun að hasla sér völl á nýjum starfsvettvangi og segist Margrét ekki vera nein undantekning. „Maður þarf svolítið að brjótast í gegnum þyrnigerðið. En ég veit að ég hef eitthvað að gefa, annars myndi ég ekki vera á þessari vegferð. Og nándarþráin er eldsneytið.“

Þótt tónlistarferillinn hafi verið settur til hliðar í bili er Margrét alls ekki hætt að semja tónlist. „Ég samdi tónlist fyrir sýningar í náminu. Auk þess tók ég líka upp nýtt lag úti sem Ágúst sonur minn gerði myndband við nýlega en bæði hann og Embla dóttir mín hafa unnið með mér myndbönd. Að öðru leyti mun ég einbeita mér að leiklistinni í bili og er t.d. með sýningu í bígerð sem heitir Ósagt og er leik-, tón- og dansverk. Einnig er ég að þýða tvö leikverk, annað breskt og hitt norskt, og stefni að því að annað þeirra fari á svið í haust. Einnig var ég að ljúka við handrit að stuttmynd.“

Ágúst stefnir á frekari leiklistarframa á næstu árum en hann á fleiri áhugamál. „Ég keypti góða myndavél fyrir leikhúslaunin mín fyrir tveimur árum og hef fiktað við að taka upp alls konar efni. Mér finnst það virkilega skemmtilegt og um leið að klippa og sjá um alla eftirvinnuna. Svo spila ég á gítar og er svolítið að vesenast í tónlist. Ég held áfram að leika í leikritinu Í hjarta Hróa hattar í vetur og er svo að fara að leika í stuttmynd sem á að taka upp á næstunni. Annað á svo bara eftir að koma í ljós.“ **starri@365.is**












# Viltu taka til í holdafarinu og komast í form?

## **Ný TT námskeið fyrir stelpur og konur** hefjast með fundi kl. 16:30 á konudaginn **21. febrúar** ☺

**TT-1** námskeiðin okkar fyrir konur fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsrækt, sjálfsstyrkingu, fundi, vigtun og mælingar. Þessi sívinsælu námskeið hafa margsannað ágæti sitt og reynst konum afburðavel til að ná markmiðum sínum. Við bjóðum hvorki skyndilausnir né sveltikúra, heldur raunhæfar leiðir til að lifa góðu lífi.

**TT-3** námskeiðin okkar eru fyrir 16-25 ára stelpur. Þetta eru sérsniðin lífsstílsnámskeið fyrir þær sem vilja taka mataræðið í gegn og komast í gott form. Við byggjum námskeiðin á áralangri reynslu af því að kenna ungmennum líkamsburð og listdans ásamt þekkingunni sem við höfum byggt upp af því að veita konum sambærilega þjónustu í gegnum tíðina.

## Komdu, við kunnum þetta!

**Nánari upplýsingar í síma 581 3730 og á jsb.is**

LÍKAMSRÆKT JSB
leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • **www.jsb.is***

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Smáralind – Kringlan – Glerártorg
Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland
#lindexiceland

SUSTAINABLE CHOICE

*Give your baby the best start possible with our sustainable choice*




Samfella + buxur,

**2995,–**

Gildir aðeins af völdum vörum úr Newborn línunni. Þetta tilboð gildir einu sinni og ekki hægt að nota með öðrum tilboðum eða afslætti.


LINDEX
we make fashion feel good

# INDVERSK VEISLA AÐ HÆTTI EVU

Eva Laufey Hermannsdóttir var með indverskt þema í Matargleði Evu á Stöð 2 í gær. Hér fylgja uppskriftirnar.

Matargleði

Eva Laufey Hermannsdóttir



## NAAN-BRAUÐ

**1 msk. þurrger**
**2 dl volgt vatn**
**1 tsk. hunang**
**1 egg**
**2 dl hreint jógúrt**
**50 g brætt smjör**
**350–400 g hveiti**
**Ögn af salti**
**Ofan á:**
**Ólífuolía**
**Steinselja**
**Salt og pipar**

- Setjið öll hráefnin í skál og blandið vel saman, ef ykkur finnst deigið of blautt þá má bæta smávegis af hveiti saman við. Setjið hveiti á borðflöt og hnoðið deigið í 3–4 mínútur. Leggið það síðan í hreina skál og leyfið því að hefast í rúmlega klukkustund eða þar til það hefur tvöfaldast að stærð.
- Eftir þann tíma skiptið þið deiginu niður í bita og fletjið hvern bita út, setjið brauðið á pappírsklædda ofnplötu og bakið við háan hita (230–250°C) í ca. 10 mínútur. Þegar brauðin eru gullinbrún eru þau tilbúin. Penslið þau með hvítlauksolíunni, um leið og þau koma út úr ofninum, sem þið búið til með því að blanda saman ólífuolíu, pressuðum hvítlauksrifjum, saxaðri steinselju, salti og pipar í skál.

## È ALOO GOBI – ÆÐISLEGUR GRÆNMETISRÉTTUR

**1 stórt blómkálshöfuð**
**Salt og pipar**
**4 stórar bökunarkartöflur**
**1 laukur**
**½ rautt chilialdin**
**2 hvítlauksrif**
**2 tsk. ferskur rifinn engifer**
**1 tsk. kóríanderfræ**
**1 tsk. sinnepsfræ**
**2 tsk. garam masala**
**ferskt kóríander eftir smekk**
**1–2 dl soðið vatn**

- Skolið blómkálið og skerið í bita, setjið í pott ásamt smátt skornum kartöflum. Sjóðið í ca. 10 mínútur, hellið vökvanum frá og geymið til hliðar. Hitið ólífuolíu á pönnu, saxið niður lauk, chili og rífið hvítlauk út á pönnu. Steikið í smástund eða þar til laukurinn verður glær í gegn. Hellið vatninu saman við og hrærið, bætið kartöflum og blómkáli út á pönnuna og steikið í 20 mínútur við vægan hita. Berið strax fram og njótið.

## TIKKA MASALA

**Marínering**
**3 hvítlauksrif**
**1 msk. rifinn ferskur engifer**
**3 msk. sítrónusafi**
**1 dl hrein jógúrt**
**3 msk. sítrónusafi**
**1 tsk. salti**
**½ rautt chilialdin**
**1 tsk. kóríanderfræ**
**Handfylli saxað kóríander**
**3 tsk. tandoori masala**
**700 g kjúklingakjöt, skorið í litla bita**

- Blandið öllum hráefnum saman og skerið kjúklingakjötið í litla bita. Setjið allt í plastpoka og inn í kæli í 2–3 klukkustundir, best yfir nótt. Eftir þann tíma er kjúklingurinn steiktur á pönnu í 2-3 mínútur og allt síðan fært yfir í pottinn með sósunni og látið malla í 15–20 mínútur.

## TIKKA MASALA SÓSA

**2–3 msk. ólífuolía**
**2 hvítlauksrif**
**1 msk. rifið engifer**
**½ rautt chilialdin**
**1 tsk. túrmerik**
**1 tsk. kúmen**
**1 tsk. múskat**
**2 msk. tómatpúrra**
**200 g hakkaðir tómatar**
**3 msk. sýrður rjómi**
**3 msk. hrein jógúrt**
**1 dl rjómi**
**Handfylli ferskur kóríander**

- Hitið olíu á pönnu og steikið hvítlauk, engifer og chili. Bætið kryddunum út á pönnuna og hrærið. Því næst fara hakkaðir tómatar, tómatpúrra, sýrður rjómi, rjómi og hrein jógúrt saman við. Leyfið sósunni að malla í nokkrar mínútur og steikið kjúklinginn á meðan. Setjið kjúklinginn út í pottinn og leyfið sósunni að malla í 20 mínútur. Smakkið til með salti og pipar.



Þessi matur leikur við bragðlaukana.








# LÍFSSTÍLL STEFANÍU

Stefanía Svavarsdóttir söngkona er fjarri góðu gamni þetta árið þegar kemur að Eurovision. Hún er nýflutt til Kaupmannahafnar. Hún lætur þó keppnina ekki fram hjá sér fara.

**Ætlar þú að fylgjast með Söngvakeppni Sjónvarpsins?** Já, svo sannarlega! Ég var að flytja til Kaupmannahafnar og er afar þakklát fyrir að geta fylgst með í beinni á ruv.is. Eurovision er klárlega ómissandi hluti af árinu hjá mér, ég fylgist alltaf grannt með.
**Ertu búin að hlusta á lögin?** Já, lögin í ár eru einstaklega fjölbreytt og gaman að sjá hversu margir nýir, flottir flytjendur eru að taka þátt sem við höfum ekki séð áður í Söngvakeppninni.
**Áttu þér uppáhaldslag í keppninni?** Hugur minn er og Á ný eru mín uppáhaldslög í ár, æðislegt lög sem ég held að myndu gera góða hluti í Stokkhólmi í maí. Get reyndar ekki valið á milli þeirra enda eru Erna Hrönn og Elísabet Ormslev báðar stórkostlegar söngkonur. Auk þess er Hjörtur aldeilis búinn að stimpla sig inn í íslenska tónlistarsenu, brilljant söngvari!
**Hefðir þú viljað taka þátt aftur?** Ég mun tvímælalaust taka þátt aftur einhvern tímann í framtíðinni en ég gat ekki bundið mig í ár þar sem önnur ævintýri bíða mín.
**Er eitthvað nýtt á döfinni hjá þér?** Ég er búin að vera í ströngum æfingum fyrir …lifun Trúbrotstónleikana sem verða í Eldborg í kvöld sem verður stórfengleg sýning. En eins og áður sagði var ég að flytja til Kaupmannahafnar í og mun leggja kapp á söngnám í nokkra mánuði sem er gríðarlega spennandi. Ég elska Kaupmannahöfn svo það verður ævintýri út af fyrir sig, bæði að búa hér og enn fremur er frábært að fá að einbeita sér að því að slípa til og ná betri tökum á hljóðfærinu sínu.
**Hvað gerir þú í frístundum?** Ég reyni að eyða mestum mínum frítíma með vinum og fjölskyldu. Ekkert nærir mig jafn vel andlega eða gerir mér jafn gott. Ég er líka dugleg að kíkja á tónleika og „jam session“, Mánudjassinn á Húrra klikkar aldrei. Auðvitað er líka klassískt að hanga stundum bara heima og gera nákvæmlega ekki neitt.
**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Það verður að vera soðin lifrarpylsa, stöppuð saman við kartöflur og mjólkurglas.
**Ferðu oft á djammið?** Tja, eins mikið og ég þarf á þessu guðsvolaða ísskeri.
**Hvað ætlar þú annars að gera um helgina?** Ég ætla að hafa það náðugt í Köben, rölta kannski Strikið, halda áfram að koma mér fyrir og fylgjast að sjálfsögðu með Söngvakeppninni!

bilfang.is
S. 567 2000



**7 MANNA / HSE !**
Landrover Discovery HSE 06/2008 Leður ofl ek 146 þ.km , mikið yfirfarinn hja BL verð 4.9 mil !

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

BRAUT
BÍLASALA



VW Passat Árgerð 2013, ekinn 63 Þ.KM bensí sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.101491. Glæsilegur bíll Flott verð VANTAR BÍLA Á SKRÁ MIKIL SALA BRAUT EHF BÍLDSHÖFÐA 3

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

## Bílar til sölu



Renault Clio 2003 Sjálfsk. Ek 166 þ. Bensín. Nýskoðaður. Verð 450.000. Gsm 896-3533.



**FRÁBÆRT EINTAK Á 590Þ**
MMc Pajero Sport v6 '02 Ekinn aðeins 161þkm ssk Leður, lúga, dráttarbeysli Nýskoðaður '17 Verð 590þ 100% visa/ euro lán í boði Uppl. s. 777 3077

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Bílaleiga

**TIL SÖLU LÍTIL EN ÖRT VAXANDI BÍLALEIGA**
Tvær heimasíður - tvöfaldur sýnileiki. Léttur og þægilegur rekstur. Tilvalinn stökkpallur inn á vaxandi markað. Gott tækifæri, auðveld kaup. Upplýsingar í S: 776-6001

## Vinnuvélar



**SNJÓBLÁSARI.**
Eigum Samasz snjóblásara, 2,5 m. breiðann á lager. Hentar bæði að framan og aftan. Drif fyrir hægri og vinstri snúning. Búvís ehf. Akureyri. Sími 465-1332. www.Buvis.is

EYJALIND



Volvo BL71 Plus
Árg. 2007 - 5873klst
Hraðtengi - 3 afturskóflur
Verð: 4.500.000.- +/vsk



Komatsu WA-150-5H
Árg. 2005 - 4407klst
Nýleg dekk - nýr skeri
Verð: 5.490.000.- +/vsk
Vertu vinur okkar á Facebook
**Sími: 517-8240**
**www.eyjalind.is**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

# PJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Bókhald

**Bókhald - Bókhald**
**Laun - skattframtöl.**
Stjornun.is - Ármúla 38
Sími 566-5555 & 868-5555

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

## Húsaviðhald



Parketslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.900 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. Fast verð um land allt. Parketmeistarinn ehf www. parketslipunmeistarans.is. S: 772 8100.

Viðhalds Verk ehf

**HÚSAVIÐGERÐIR - NÝBYGGINGAR**
Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Tek að mér minni verkefni og lagfæringar í íbúðum. S. 5540496

Kjarnaborun og steypusögun. Múrbrot, raufar í gólf fyrir hitalagnir og rafmagn. S: 7778371/ 8923553

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908 6116**
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@ simnet.is

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd




**VALENTÍNUSARTILBOÐ FYRIR ÞÖR**
**Á TANTRA NUDDI**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S.698 8301 www.tantra-temple.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2-3ja herb. íbúð í Laugarneshverfi (e. 3 mán) f. einst. móðir með 1 barn. Reglusöm, 100% greiðslur og tryggingar. Uppl. í s. 897 1995

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkrar einingar til leigu í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði, frá 22 til 65 m2. Laust strax. S. 898 7820 www. leiga.webs.com

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 10,3 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

SUBWAY

Subway óskar eftir að ráða í dagvinnu á höfuðborgarsvæðinu. Óskað er eftir jákvæðu, duglegu, samviskusömu og áræðanlegu fólki. Hægt er að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins: www. subway.is/Hafasamband / Saekjaumstarf

Subway is looking for a good and energetic daytime workers in Reykjavík. Intrested applicants please send an application through the companies website: www.subway.is/Hafasamband/ Saekjaumstarf

**FISKVINNSLA Í HFJ.**
Óska eftir vönu starfsfólki við snyrtingu og pökkun. Einnig vantar starfsmann í útkeyrslu Uppl. í s. 824 3180

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**908 5500 - SÍMASEX**
Opið allan sólarhringinn. Algjör trúnaður.

## skemmtanir




**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar**

**Laugardaginn 13. feb**
12:35 Sunderland - Man. United
14:50 Everton - West Brom
17:20 Chelsea - Newc.United

**Sunnudaginn 14. feb**
11:50 Arsenal - Leicester City
13:55 Aston Villa - Liverpool
16:05 Man.City - Tottenham




**Þórður Braga, Siggi Grétars, Bjarki Hall og Árni Hjalta spila um helgina.**

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

# www.simar.is

## NOKIA 105



**4.900,-**

## Nokia 130 Dual




**6.900,-**

## Galaxy Xcover 550



**18.900,-**

## LG G3



**44.900,-**

## XPERIA C4



**46.900,-**

## Galaxy S6



**84.900,-**

Microsoft

Windows 10





## Lumia 950

**99.900,-**

## Lumia 950XL

**114.900,-**

Krókhálsi 5c
Sími 546-9000

emobi

bara gott verð



✝

Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Magnús Elíasson**
endurskoðandi,
Miðleiti 7, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 10. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 19. febrúar kl. 13.

**Margrét Eggertsdóttir**
**Sigríður Jónsdóttir** **Geir Newman**
**Kristín Magnúsdóttir** **Sigurður Einarsson**
**Margrét Seema, Bjarki Már og Margrét Eva**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Knútsson**
húsgagnasmiður,
Ásabraut 8, Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 8. febrúar.

**Þórunn Sigurðardóttir**
**Bragi Sigurðsson** **Hyacinth Robinson**
**Knútur Sigurðsson**
**Guðrún Pálsdóttir**
**Björgvin Pálsson**
**Guðmundur Pálsson** **Erla Ölversdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ágústu Steingrímsdóttur**
Hörðukór 1, Kópavogi.

**Margret St. Magnúsdóttir**
**Steingrímur Magnússon** **Kolbrún Jónsdóttir**
**Bára Magnúsdóttir** **Jóhann Einarsson**
**Magnús Pétur Magnússon** **Hólmfríður Benediktsdóttir**
**Ágúst Magnússon** **Kjersti Løseth**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Jón Þórður Ágústsson**
Vesturgötu 95, Akranesi,

lést á Sjúkrahúsi Akraness fimmtudaginn 28. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar HVE, Akranesi. Þökkum kveðjur og veitta samúð.

**Örn Ómar Jónsson**
**Svala Bryndís Jónsdóttir** **Karl Frank Sigurðsson**
**Róbert Arnar Karlsson** **Agnes Davy**
**Sigurður Reynir Karlsson**
**Þórður Ágúst Karlsson**



✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Vigdísar Ágústu Sigurðardóttur**
Esjugrund 88, Kjalarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deildum 5B og 4B á Landspítalanum í Fossvogi.

**Klara S. Árnadóttir** **Jóhann Kristjánsson**
**Guðmundur J. Árnason** **Ingunn Jónsdóttir**
**Sigurður H. Árnason** **Berglind A. Káradóttir**
**Jóhanna G. Árnadóttir** **Ingimar Czzowitz**
**barnabörn og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður FSL, Haraldur Freyr Gíslason, formaður FL, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Ásmundur K. Örnólfsson, aðstoðarleikskólastjóri og Orðsporshafi, að lokinni athöfn í Bíó Paradís.**

# Það eru engir tveir dagar eins í leiksskólastarfinu

**Ásmundur K. Örnólfsson, aðstoðarleikskólastjóri á leikskólanum Ægisborg, hlaut Orðsporið 2016, hvatningarverðlaun sem eru veitt á Degi leikskólans sem fagnað er í 9. sinn.**

Orðsporið 2016 var veitt þeim sem þætti hafa skarað fram úr við að fjölga körlum í stétt leikskólakennara. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhenti Ásmundi Orðsporið við hátíðlega athöfn í Bíó Paradís fyrr í dag.

„Krakkarnir fagna mér alla daga og ég vinn með yndislegu fólki sem er alveg frábært. Mér finnst mjög gaman að vera með smáfólkinu og tel mig hafa heilmikið fram að færa, svo er það bara eðli starfsins sem er svo skemmtilegt, að það eru engir tveir dagar eins, alltaf eitthvað nýtt á hverjum degi. Svo það er svo sannarlega gaman að taka strætó í vinnuna þar sem alltaf er tekið mjög vel á móti manni,“ segir Ásmundur K. Örnólfsson leikskólakennari spurður um starf sitt sem leikskólakennari.

Ásmundur á að baki langan feril sem leikskólakennari og aðstoðarleikskólastjóri. Í umsögn valnefndar um Orðsporið segir að Ásmundur hafi alla tíð verið sterk fyrirmynd fyrir karla sem starfa í leikskólum og ekki síst leikskólabarna.

Ásmundur hefur lagt sitt af mörkum til að efla orðspor leikskólakennarastarfsins.

„Það er einn piltur sem ég var að kenna í Hagaborg fyrir mörgum árum sem starfar sem leikskólakennari í dag. Það finnst mér virkilega frábært, þessi verðlaun eru ekki síst til þess að benda þeim á að þetta sé gott ævistarf sem hentar vel. Ef ég hef átt einhvern þátt í því að drengur sem ég hef kennt í leikskóla mennti sig sem leikskólakennari og starfar við það, er það alveg stórkostlegt. En auðvitað eru fleiri breytur í lífinu sem stjórna vali einstaklinga á ævistarfi sínu,“ segir Ásmundur.

Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, SKÁL, Samband íslenskra sveitarfélaga, RannUng og menntamálaráðuneytið efna til ráðstefnunnar Karlar í yngri barna kennslu í dag á Grand Hóteli.

„Ég mæti svo sannarlega, þetta skiptir máli. Það þarf að vekja athygli á þessu starfi,“ segir Ásmundur ánægður með hvatningarverðlaunin.

**gudrunjona@frettabladid.is**

**Það er einn piltur sem ég var að kenna í Hagaborg fyrir mörgum árum sem starfar sem leikskólakennari í dag. Það finnst mér virkilega frábært, þessi verðlaun eru ekki síst til þess að benda þeim á að þetta sé gott ævistarf sem hentar vel. Ef ég hef átt einhvern þátt í því að drengur sem ég hef kennt í leikskóla mennti sig sem leikskólakennari og starfar við það, er það alveg stórkostlegt.**

Ámundur K. Örnólfsson



✝

Okkar ástkæri,

**Kristján Finnbogason**
Hlíðarvegi 12, Ísafirði

lést þann 4. febrúar sl. á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Útför hans fer fram Ísafjarðarkirkju laugardaginn 20. febrúar nk. kl. 14:00. Jarðsett verður frá Garðakirkju. Nánar auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstendenda,**

**Arndís Finnbogadóttir**
**Jón Brynjar Kristjánsson**
**Júlíana Ingimarsdóttir**
**Samúel Jónsson**

12. FEBRÚAR ÁRIÐ 1965.

## Hótel Holt var opnað




Hótel Holt er til húsa að Bergstaðastræti 37, í hljóðlátu og fallegu Þingholtshverfi. Hótelið var byggt af athafnamanninum Þorvaldi Guðmundssyni sem var kenndur við fyrirtækið Síld og fisk. Hótelið var opnað 12. febrúar 1965 en upphaflega voru í því 36 herbergi og prýddu listaverk eftir íslenska listamenn veggi þeirra allra. Árið 1973 var herbergjum fjölgað í 53. Um 1993 voru nokkur herbergi stækkuð í svítur og þeim fækkaði þá niður í 40. Tilgangurinn var að mæta kröfum gesta um rúmbetri og þægilegri herbergi.



# vestfrost
## KYNNINGARTILBOÐ





**Fæst í hvítu, silfur eða stál**

185cm kæliskápur með frysti. 209L kælir. Stafræn hitastýring. 4 glerhillur. 4 hillur í hurð. 2 grænmetisskúffur. 81L frystir. 2 skúffur. Orkuflokkur A+. 4,5kg frystigeta á 24klst. Mál (hxbxd): 185 x 59,5 x 61,5 cm.

**Vestfrost R3651WH**
Hvítur.
TILBOÐ
**52.496**
FULLT VERÐ 69.995

**Vestfrost R3651SI**
Silfur.
TILBOÐ
**56.246**
FULLT VERÐ 74.995

**Vestfrost R3651IX**
Stál.
TILBOÐ
**59.996**
FULLT VERÐ 79.995

# NÝ LÍNA FRÁ VESTFROST

## ÍSSKÁPAR - ÞVOTTAVÉLAR MEÐ ÍSLENSKU STJÓRNBORÐI - ELDAVÉLAR



**Vestfrost CST60HB**
60cm eldavél með steyptum hellum og 56 lítra Multifunction 7 ofni með blæstri, yfir- undirhita og Pizza stillingu. Tvöfalt gler í hurð. Orkuflokkur A. Stærð (HxBxD): 85-92x60x60 cm.
TILBOÐ
**41.246**
FULLT VERÐ 54.995



**Vestfrost CKE60DHB**
60cm eldavél með 4 keramik hellum og 56 lítra Multifunction 7 ofni með blæstri, yfir- undirhita og Pizza stillingu. Tvöfalt gler í hurð. Barnalæsing. Orkuflokkur A. Stærð (HxBxD): 85-92x60x60 cm.
TILBOÐ
**59.996**
FULLT VERÐ 79.995



**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

**Vestfrost**
1000sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 42L tromla. Tekur 5kg. LCD skjár. 14 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvotthæfni A. Vinduhæfni C. Orkunýting A++. Íslenskt stjórnborð.
TILBOÐ
**37.496**
FULLT VERÐ 49.995



**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

**Vestfrost WM6400**
1400sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 47L tromla. Tekur 6kg. LCD skjár. 15 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A++. Stærð (bxhxd): 60 x 85 x 53 cm.
TILBOÐ
**48.746**
FULLT VERÐ 64.995



**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**

**Vestfrost WM8400**
1400sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 55L tromla. Tekur 8kg. LCD skjár. 15 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvotthæfni A. Vinduhæfni B. Kolalaus mótor. Orkunýting A+++. Stærð (bxhxd): 60 x 85 x 53 cm.
TILBOÐ
**59.996**
FULLT VERÐ 79.995

vestfrost

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola
BAD ASS. SMART ASS. GREAT ASS. DEADPOOL 16
THE CHOICE 9
ALVIN OG ÍKORNARNIR TILBOÐ KL 3:50 L
THE REVENANT 16
NONNI NORÐURSINS TILBOÐ KL 3:50 L
BOY 16

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| DEADPOOL | 5:20, 8, 10:20 |
| THE CHOICE | 8 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | 3:50, 5:50 ÍSL.TAL |
| THE BOY | 10:20 |
| THE REVENANT | 5:50, 9 |
| NONNI NORÐURSINS | 3:50 ÍSL.TAL |

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG
Frábær gamanmynd sem fjallar um eitt skemmtilegasta tímabil í lífi hvers og eins.
HOW TO BE SINGLE 12
DEADPOOL 16
Frábær teiknimynd fyrir alla fjölskylduna
Úbbs! Nói er farinn... Sýnd með íslensku tali L
Nýjasta stórmynd leikstjórans Michael Bay
13 HOURS 16
Dirty Grandpa 12
STAR WARS 9
DADDY'S HOME 6

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HOW TO BE SINGLE | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HOW TO BE SINGLE MÖMMU- OG PABBAMORGUNN | KL. 12 | 12 |
| HOW TO BE SINGLE VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| 13 HOURS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CREED | KL. 10:45 | 12 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 4 - 6 | L |
| DADDY'S HOME | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 6 |
| POINT BREAK | KL. 10:55 | 12 |
| STAR WARS 3D | KL. 5 - 8 | 9 |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSLTAL 2D | KL. 3:40 | L |
| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 | 12 |
| 13 HOURS | KL. 6 - 10:20 | 16 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| THE BIG SHORT | KL. 5 | 6 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| HOW TO BE SINGLE | KL. 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| DEADPOOL | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 13 HOURS | KL. 8 - 10:50 | 16 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| CREED | KL. 10:20 | 12 |
| DADDY'S HOME | KL. 5:50 | 6 |
| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| DEADPOOL | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 4 ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |
| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
| HOW TO BE SINGLE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HOW TO BE SINGLE MÖMMU- OG PABBAMORGUNN | KL. 12 | 12 |
| 13 HOURS | KL. 10:20 | 16 |
| DIRTY GRANDPA | KL. 8 | 12 |
| ÚBBS! NÓI ER FARINN... ÍSLTAL | KL. 6 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ÞÚ FÆRÐ ALDREI NÓG AF MÉR
DEADPOOL
★★★★ „STÓÐUGT HRESS, STANSLAUST FYNDINI!" -T.V., BÍÓVEFURINN 16
WILL SMITH CONCUSSION 9
ALVIN OG ÍKORNARNIR ÆVINTÝRIÐ MIKLA L
6 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA BESTA MYNDIN
SPOTLIGHT ★★★★ -T.V., BÍÓVEFURINN L
12 ÓSKARS TILNEFNINGAR
GOLDEN GLOBE VERÐLAUN ★★★★ -S.G.S., MBL
THE REVENANT 16
Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

Góða skemmtun í bíó

TAKK

HERTEX Föt og Nytjamarkaður

Umboðsmaður skuldara

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 9.00 - 15.00

Símatími ráðgjafa er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.00 - 14.00

SÍMI 512 6600
GRÆNT NÚMER 800 6600
KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK
ums.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

## 12. FEBRÚAR 2016

### Tónlist

**Hvað?** Kraftur í Kaldalóni – Rokkkór Íslands
**Hvenær?** 20.00 og 22.30
**Hvar?** Kaldalón, Hörpu
Rokkkór Íslands sem skipaður er rúmlega þrjátíu manns flytur þekkt rokklög frá áttunda áratugnum eftir flytjendur á borð við AC/DC, Bon Jovi, Kiss, Meatloaf, Helloween, U2, Bonnie Tyler og fleiri. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Trúbrot – Lifun
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Tónlist hljómsveitarinnar Trúbrots verður flutt á sviði Eldborgar í kvöld. Þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens stíga á svið ásamt Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Pétri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Miðaverð er 5.990-11.990 krónur.

**Hvað?** Muck, Pink Street Boys og Skelkur í bringu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Hljómsveitirnar Muck, Pink Street Boys og Skelkur í bringu efna til tónleika á Húrra í kvöld. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Himbrima
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Hljómsveitin Himbrimi fagnar útkomu sinnar fyrstu plötu og blæs til útgáfutónleika. Miðaverð er 2.900 krónur.

**Hvað?** Dj Óli Dóri
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó
Dj Óli Dór þeytir skífum á Bravó í kvöld.

**Hvað?** Dj Rix
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Boston
Dj Rix heldur uppi stemningunni á Boston í kvöld.

**Hvað?** Dj Styrmir Dansson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** BarAnanas
Dj Styrmir Dansson þeytir skífum á BarAnanas í kvöld.

**Hvað?** Nýdanskir dagar
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn
Hljómsveitin Nýdönsk efnir til tónleika á Græna hattinum á Nýdönskum dögum sem standa nú yfir í völdum þéttbýliskjörnum í febrúar. Miðaverð er 4.900 krónur.

**Hvað?** Dj Yamaho
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarinn
Dj Yamaho þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

**Hvað?** Moonbear
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Dillon
Hljómsveitin Moonbear efnir til tónleika á Dillon. Frítt inn.

**Hvað?** Reykjavíkurdætur
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Gaukurinn
Reykjavíkurdætur efna til tónleika á Gauknum í kvöld og leika nýtt og eldra efni. Miðaverð er 1.700 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Krísufundur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Leikhópurinn Kriðpleir sýnir verkið Krísufundur á ensku í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.



Reykjavíkurdætur spila á Gauknum í kvöld. MYND/ANTONÍA BERGÞÓRSDÓTTIR

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Samskipti smáríkja við volduga nágranna: Samanburður á stöðu Norðurlandanna, Eystrasaltslandanna og Skotlands
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Stofa 101, Odda, Háskóla Íslands
Baldur Þórhallsson flytur fyrirlestur á fyrirlestraröð stjórnmálafræðideildar og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands um ávinning og viðfangsefni samanburðarstjórnmála. Fyrirlestur Baldurs fjallar um að hvaða marki lítil ríki og ríkjahlutar eins og Norðurlöndin, Eystrasaltslöndin og Skotland þurfa á skjóli voldugra ríkja að halda. Allir velkomnir.

**Hvað?** Bruno Gröning, ævi og starf
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lífspekifélaginu, Ingólfsstræti 22
Farið verður yfir ævi og starf heilarans Bruno Gröning og starfsemi vinahringja hans í Lífspekifélaginu í kvöld.

### Opnun

**Hvað?** Teikning / Rými
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Sýningarsalur félagsins Íslensk grafík, Tryggvagötu 17
Opnun á verkum Þóru Sigurðardóttur í Grafíksalnum. Sýningin stendur yfir til 28. febrúar næstkomandi. Sýningarstjóri er Helga Þórsdóttir.

### Kvikmyndir

**Hvað?** Blossi/810551
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu 54
Kvikmyndin Blossi/810551 frá árinu 1997 í leikstjórn Júlíusar Kemp er sýnd í Bíói Paradís í kvöld með enskum texta.

### Uppákomur

**Hvað?** Humlar og hert naut
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Mikkeller & Friends, Hverfisgötu 12
Blásið verður til veislu á Mikkeler & Friends til upphitunar fyrir Bjórhátíð Kex hostels. Fimm mismunandi bjórtegundir á krana frá bruggpöbbnum Warpigs auk annarra tegunda á krana. Veislan hefst klukkan 14.00 og stendur yfir til lokunar.



DJ Yamaho verður á Kaffibarnum í kvöld.

BLOSSI 810551
BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Youth | 17:30 |
| Marguerite | 17:30 |
| Sparrows / Þrestir ENG SUB | 18:00 |
| Blossi/810551 ENG SUB | 20:00 |
| Njósnir, lygar og fjölskyldubönd ENG SUB | 20:00 |
| Virgin mountain / Fúsi ENG SUB | 20:00 |
| A Perfect day | 22:30 |
| 45 years | 22:00 |
| Rams / Hrútar ENG SUB | 22:00 |

# ORIGAMI SUSHI

## LAX OG TÚNFISKUR

**TILBOÐ 999KR**

FULLT VERÐ 1.699KR

GILDIR FÖSTUDAG OG LAUGARDAG

BÚIÐ TIL DAGLEGA



12 BITAR. 6 TEGUNDIR AF LAXA OG TÚNFISK BITUM.

Gildir til 14. febrúar á meðan birgðir endast.

*Mundu Valentínusardaginn á sunnudaginn!*



798 kr/pk

### Calinda jarðarber

400 g. Sæt og safarík.

*Ekta ítalskur*




### La Gelateria

Frábær ítalskur gelato sem kemur í eigulegum glerglösum.

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



### Mccain franskar

Orginal og Crinkle Cut.

*Blómin fást í Hagkaup*



*Páskaeggin eru komin!*





TILBOÐ 20% afsláttur á kassa



### Maggi súpur



TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

## SESAM TÍGRISRÆKJUSALAT

300 gr tígrisrækja frá Sælkerafisk
1 poki Oyster & Spring onion Blue Dragon wok sósa
1 msk olía
1 stk mangó
3 stk vorlaukur
2 msk svört sesamfræ
1 poki salat blanda (100 gr)

***Aðferð:***
Hitið pönnu og bætið olíunni út á, rækjur settar á pönnuna og steiktar í 2 mínútur á hvorri hlið, Oyster&Spring onion sósu bætt út í og látið malla í 2-3 mínútur.
Mangó skorið í sneiðar, vorlaukur fínt saxaður og bætt út í salatið ásamt sesam dressingu og rækjunum og svo er sesamfræjum stáð yfir í lokinn.

***Sesam dressing***
2 msk Soja sósa
1 msk hunang
1 msk Sesamolía Blue Dragon
1 tsk fiskisósa Blue Dragon
1 msk svört sesamfræ
Limesafi úr 1/2 stk lime
1/2 dl ólífuolía Filippo Berrio

***Aðferð:***
Allt pískað vel saman.



**OPIÐ** allan sólarhringinn

Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg




TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

**NAUTA RIBEYE**
3.359 kr/kg
verð áður 4.799

# RIBEYE STEIK MEÐ SVEPPAKARTÖFLUMÚS

***Uppskrift fyrir 4***
4x200 gr nauta rib eye
2 stk hvítlauksgeirar
olía til steikingar
150 gr smjör
Sjávarsalt
Svartur pipar úr kvörn

Hitið pönnu og brúnið steikurnar fyrst á annarri hliðinni upp úr olíunni og snúið svo kjötinu við og bætið smjörinu og hvítlauknum út á og ausið smjörinu yfir þar til kjötið hefur fengið fallega steikar skorpu allan hringinn. Kryddið kjötið með salti og pipar og setjið inn í 180 gráðu heitan ofninn í 8 mín. Takið kjötið út úr ofninum og látið það hvíla undir álpappír í 10 mín.

***Sveppakartöflumús***
1 box sveppir smátt skornir
½ poki spínat
30 gr smjör
250 ml rjómi
2 msk sveppakraftur
½ stk fínt rifinn hvítlaukur
80 gr sveppasmurostur
3 stk stórar bökunarkartöflur
Olía til steikingar
Sjávarsalt
vatn

Steikið sveppina upp úr olíu og smjöri í potti. Hellið rjómanum í pottinn ásamt smurostinum, sveppakraftinum og hvítlauknum. Sjóðið saman þar til að osturinn leysist upp. Takið skrælið utan af kartöflunum og setjið þær út í pottinn með spínatinu, blandið öllu vel saman og smakkið til með saltinu. Þynnið kartöflumúsina með vatni ef hún er of þykk.

KJÖRFUGL



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

**KJÚKLINGA-LEGGIR**
679 kr/kg
verð áður 799

KJÖRFUGL



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

**KJÚKLINGA-BRINGUR**
1.827 kr/kg
verð áður 2.149

KJÖRFUGL



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

**KJÚKLINGUR HEILL**
722 kr/kg
verð áður 849

ÍSFUGL



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

**KALKÚNABRINGA**
2.614 kr/kg
verð áður 3.734

NAUTAAT



TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa

**PIPARSTEIK**
2.799 kr/kg
verð áður 3.998



## GRANDIOSA PIZZUR

TILBOÐ
30%
afsláttur á kassa




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



FRÁBÆR FJÖLSKYLDUÞÁTTUR!

19:25
**BOMBAN**
Logi Bergmann stjórnar frábærum og stórskemmtilegum spurningaþætti þar sem hann etur saman tveimur skemmtilegum liðum. Í þessum þætti keppa þær Eva Laufey og Guðrún Veiga á móti þeim Kjartani Guðjónssyni og Birni Jöröndi.

SKEMMTILEGT
FÖSTUDAGSKVÖLD!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365



TVÖFALDUR ÞÁTTUR!

20:20
**AMERICAN IDOL**
Stórskemmtilegir og sívinsælir þættir þar sem allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu. Draumasveitin frá því í fyrra situr enn í hásætinu en hana skipa Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr. Kynnir er Ryan Seacrest.

22:30
**JARHEAD 2: FIELD OF FIRE**
Hasarmynd um liðþjálfann Chris Merrimette og föruneyti hans sem þarf með hugrekki og þrautseigju að bjarga afganskri konu sem er í lífshættu.



22:00
**IN THE BLOOD**
Hjónin Ava og Derek njóta lífsins í fríi á Karíbahafseyjum en skyndilega hverfur Derek á dularfullan hátt. Stórgóð spennumynd.



22:55
**THE MENTALIST**
Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
07.40 Batman. The Brave and the bold
08.05 The Middle
08.25 Grand Designs
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Hart of Dixie
11.10 Bad Teacher
11.35 Planet's Got Talent
12.05 Eldhúsið hans Eyþórs
12.35 Nágrannar
13.00 The Switch
14.40 Multiplicity
16.35 Batman. The Brave and the bold
17.00 Tommi og Jenni
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 The Simpsons
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland today
19.25 Bomban
20.15 American Idol
21.00 American Idol
22.25 Jarhead 2. Field of Fire
00.10 Splinter Spennutryllir frá árinu 2008 sem fjallar um Seth og Polly sem eru á leið í rómantíska tjaldútilegu, en plön þeirra fara í vaskinn þegar þeim er rænt af strokufanganum Dennis og kærustu hans Lacey. Í framhaldinu leita fjórmenningarnir sér skjóls á yfirgefinni bensínstöð þar sem skelfilegir atburðir eiga sér stað.
01.35 True Lies
03.55 Kill The Irishman
05.40 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

10.00 Keflavík og Grindavík í Domino's-deild karla.
11.35 Körfuboltakvöld
13.10 Formúla E - Beijing
14.35 Rhein-Neckar Löwen og Vardar í Meistaradeild Evrópu í handbolta.
16.00 Meistaradeildin í hestaíþróttum
19.00 La Liga Report
19.25 NFL Gameday
19.55 Super BOWL 50 Þar sem Denver Broncos og Carolina Panthers mætast.
23.50 Lazio og Verona

## SPORT 2

11.50 Liverpool og Stoke City
14.20 Premier League Review
15.15 Southampton og West Ham
16.55 Premier League World
17.25 Chelsea og Manchester United
19.05 Football League Show
19.35 Messan
20.45 PL Match Pack
21.15 Premier League Preview
21.45 Manchester City og Leicester City
23.25 Manchester City og Everton
01.10 PL Match Pack
01.40 Premier League Preview

## GOLFSTÖÐIN

08.25 Inside the PGA Tour
08.50 AT&T Pebble Beach
11.50 PGA Tour
12.45 AT&T Pebble Beach
15.45 Inside the PGA Tour
16.10 AT&T Pebble Beach
19.10 Golfing World
20.00 AT&T Pebble Beach
23.00 Champions Tour Highlights

## STÖÐ 3

17.40 Masterchef USA
18.25 Ravenswood
19.10 Guys with Kids
19.30 Comedians
19.55 Suburgatory
20.20 NCIS Los Angeles
21.05 Justified
21.50 First Dates
22.40 Supernatural
23.25 Sons of Anarchy
00.30 Comedians
00.50 Suburgatory
01.15 NCIS Los Angeles
01.55 Justified
02.35 First Dates
03.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Dóra könnuður
07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
07.45 Gulla og grænjaxlarnir
07.55 Tommi og Jenni
08.00 Áfram Diego, áfram!
08.24 Svampur Sveinsson
08.49 Rasmus Klumpur og félagar
08.55 UKI
09.00 Ævintýri Tinna
09.23 Kalli á þakinu
09.48 Hvellur keppnisbíll
10.00 Brunabílarnir
10.25 Ljóti andarunginn og ég
10.47 Ævintýraferðin
11.00 Dóra könnuður
11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
11.45 Gulla og grænjaxlarnir
11.55 Tommi og Jenni
12.00 Áfram Diego, áfram!
12.24 Svampur Sveinsson
12.49 Rasmus Klumpur og félagar
12.55 UKI
13.00 Ævintýri Tinna
13.23 Kalli á þakinu
13.48 Hvellur keppnisbíll
14.00 Brunabílarnir
14.24 Ljóti andarunginn og ég
14.46 Ævintýraferðin
15.00 Dóra könnuður
15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
15.45 Gulla og grænjaxlarnir
15.55 Tommi og Jenni
16.00 Áfram Diego, áfram!
16.24 Svampur Sveinsson
16.49 Rasmus Klumpur og félagar
16.55 UKI
17.00 Ævintýri Tinna
17.23 Kalli á þakinu
17.48 Hvellur keppnisbíll
18.00 Brunabílarnir
18.24 Ljóti andarunginn og ég
18.46 Ævintýraferðin
19.00 The Croods

## GULLSTÖÐIN

19.05 Two and a Half Men
19.30 Friends
19.50 How I Met Your Mother
20.15 Modern Family
20.40 Raising Hope
21.00 It's Always Sunny in Philadelphia
21.25 Believe
22.10 Mind Games
22.55 The Mentalist
23.40 Mr Selfridge
00.25 Raising Hope
00.50 It's Always Sunny in Philadelphia
01.10 Believe
01.55 Mind Games
02.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

11.25 Shallow Hal
13.20 Last Chance Harvey
14.55 Draugabanarnir II Skemmtileg gamanmynd frá 1988 með Bill Murray, Dan Ackroyd og Sigourney Weaver í aðalhlutverkum. Hugsanir íbúa New York borgar eru svo svartar að þær hafa brauðfætt óteljandi púka sem búa í holræsum borgarinnar. Draugabanarnir eru fengnir til að létta þessari áþján af borgarbúum.
16.40 Shallow Hal
18.35 Last Chance Harvey
20.10 Draugabanarnir II
22.00 In the Blood
23.50 Bessie Vönduð sjónvarpsmynd úr smiðju HBO sem segir sögu Bessie Smith. Bessie var litríkur karakter sem öðlaðist frægð sem blússöngkona í Bandaríkjunum á þriðja áratug síðustu aldar.
01.40 The Quiet Ones
03.20 In the Blood

## RÚV

16.45 Íslendingar
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 KrakkaRÚV
17.56 Lundaklettur
18.07 Vinabær Danna tígurs
18.20 Sara og önd
18.28 Drekar
18.50 Öldin hennar
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
20.00 Gettu betur
21.15 Vikan með Gísla Marteini
22.00 Hljómsveitargryfjan
00.45 Víkingarnir
01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
01.30 Næturvarp
02.05 Næturvarp
02.45 Næturvarp
03.20 Næturvarp
04.00 Næturvarp
04.40 Næturvarp
05.20 Næturvarp

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Top Chef
09.50 Minute to Win It
10.35 Pepsi MAX tónlist
13.15 King of Queens
13.40 Dr. Phil
14.20 America's Funniest Home Videos
14.45 The Biggest Loser - Ísland
15.55 Jennifer Falls
16.20 Reign
17.05 Philly
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
19.10 The Late Late Show with James Corden
19.50 The Muppets
20.15 Legally Blonde
21.55 Blue Bloods
22.40 The Tonight Show with Jimmy Fallon
23.20 Satisfaction
00.50 State of Affairs
01.35 The Affair
02.20 House of Lies
02.45 The Walking Dead
03.30 Hannibal
04.15 The Tonight Show with Jimmy Fallon
04.55 The Late Late Show with James Corden
05.35 Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin


Vetrarvörur
Hleðslutæki og vaktarar fyrir allar gerðir rafgeyma
Yuasa rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða, snjósleða og fjórhjól
Gates drifreimar fyrir Snjósleða og fjórhjól
Rúðusköfur ýmsar gerðir.
Startkapalar margar gerðir.
Sérblandaður rúðuvökvi 5 l.
THULE SWEDEN
Bretta- og skíðafestingar
LIQUI MOLY
Efnavörur fyrir bíla
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is




359 kr. pk.

**Santa Maria Wrap Tortilla**
Stórar vefjur, 6 stk.



100% Íslenskt ungnautahakk

200 kr. Verðlækkun pr. kg

1.698 kr. kg

**Íslandsnaut Ungnautahakk**
Verð áður 1898 kr. kg

LÍKA HEILHVEITIVEFJUR




298 kr. pk.

**Santa Maria Soft Tortilla**
Mjúkar vefjur, 8 stk.

# FLJÓTLEG OG GÓÐ MEXÍKÓVEISLA




229 kr. 230 g

**Santa Maria**
**Taco Sauce,** 230 g, 3 teg.




359 kr. 350 g

**Santa Maria**
**Chunky Salsa,** 350 g, 3 teg.

ÍTALSKIR TÓMATAR




79 kr. 400 g

**Euro Shopper Tómatar**
400 g, 2 tegundir

450 grömm




259 kr. 450 g

**Euro Shopper Tortilla Chips**
450 g, 2 tegundir

NÝBAKAÐ!



298 kr. 6 stk.

**Bónus Smáhringir**
Bleikir, 6 stk.

NÝBAKAÐ!



298 kr. 9 stk.

**Bónus Smáhringir**
Með súkkulaði, 9 stk.




259 kr. 770 g

**Bónus Heilkornabrauð**
770 g




298 kr. 1 l

**Almond Dream**
Möndlumjólk, 1 l




98 kr. 500 ml

**Viking Léttöl**
500 ml

HÁMARK
PRÓTEINDRYKKUR




498 kr. 3x250 ml

**Hámark Próteindrykkur**
3x250 ml

4320 blöð




798 kr. 18 rl.

**Designer Salernispappír**
18 rúllur

Verð í þessari auglýsingu gilda til og með **14. febrúar** a.m.k.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERSK BER

Í LAUSU

**1.479** kr. 500 g
**Bláber**
Perú, fersk, 500 g

**698** kr. 400 g
**Calinda Jarðarber,**
Spánn, fersk, 400 g

**219** kr. kg
**Appelsínur**
Beint frá Spáni

# SPARAÐU MEÐ BÓNUS

**359** kr. 2 l
**Bónus Ís**
3 tegundir, 2 l

**1.398** kr. kg
**Íslandsgrís Snitsel**
Í raspi, ferskt

**1.379** kr. kg
**Bónus Beikon**

**698** kr. kg
**SS Lambasúpukjöt**
2015 slátrun, frosið

ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT

**198** kr. 225 g
**Bláber**
Frosin, 225 g

**2.998** kr. kg
**Íslandsnaut Piparsteik**
Ungnautasteik, fersk

**3.798** kr. kg
**Íslandslamb Fillet**
Ferskt

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Að drekka flókna kokteila lengst uppi í úthverfi

LÍFSBARÁTTA LÓUNNAR

gydaloa@frettabladid.is
@gydaloa





**Helgin** Í kvöld er ég að fara í kokteila- og pítsuboð í úthverfi með vinkonum mínum.

Ein af uppáhaldskonunum í lífi mínu er nefnilega á landinu í stuttri vinnuferð frá meginlandinu þar sem hún er búsett ásamt eiginmanni sínum. Mjög fullorðins allt saman.

Til að vega upp á móti því hvað allir eru orðnir fullorðnir og ráðsettir ætlum við að gista á æskuheimili hennar, baka pítsu, fara í pottinn, drekka kokteila og gista saman.

Að vera í úthverfinu er strategísk ákvörðun af hálfu vinkonunnar. Sökum búsetu hennar hittumst við sjaldnar en ef hún væri búsett hér og því vill hún hámarka þann tíma sem við eigum saman á meðan á dvöl hennar stendur. Nú búum við flestar niðri í bæ og hefði verið rakið að setja upp bækistöðvar í 101 en það vill nú oft verða að þegar maður hittist í nálægum radíus við skemmtistað og hefur sporðrennt nokkrum kokteilum að hugurinn leitar niður í bæ. Ein þarf að hitta einhvern æðislegan gaur sem hún matsaði við á Tinder, önnur æskuvinkonu sem hún hefur ekki hitt í mörg ár og sú þriðja ætlar aðeins að kíkja á kærastann sem situr á einhverjum stað með einhverjum vinum.

Hópurinn tvístrast og við sjáumst ekki meira það kvöldið. Eða þannig endar þetta oft og því best að einangra hópinn í úthverfi þar sem er ekki hægt að fara neitt eða gera neitt. Ég er í það minnsta þrælspennt og ætla að taka með mér svefnpoka, ullarpeysu, hlýja sokka, vasaljós og allt sem þarf til að blanda Aperol Spritz.

• • •

**Hárkúr** Eftir stóra brunamálið hef ég tekið heilsuna föstum tökum. Ég er til dæmis byrjuð að taka vítamín af fullum krafti, borða hollt og svo má ekki gleyma andlegu hliðinni. Þetta spilar allt saman, sjáið þið til.

Núna er ég alveg svoleiðis á rúllandi róli að skella í mig D-vítamíni, lýsi og einhverju sem kallast hárkúr. Hárkúrnum er ég að sporðrenna þar sem þar eiga víst að leynast ýmiss konar bætiefni fyrir húðina ekki síður en hárið og var því mælt með því vegna stóra brunablöðrumálsins sem hertekið hefur líf mitt síðastliðna mánuði.

Gott og blessað allt saman en ég er samt örlítið stressuð yfir þessum hárkúr. Ég er nefnilega með alveg nóg af hári. Sérstaklega á höfðinu og á augabrúnunum. Þær mega eiginlega ekki við því að stækka neitt mikið meira en ég átti í talsverðri baráttu við þær á unglingsárunum þegar örmjóar augabrúnir voru í tísku. Það var ekki alveg mitt tímabil þó ég hafi reynt að fylgja því eftir af öllum mínum lífs- og sálarkröftum líkt og fermingarmyndirnar mínar bera augljóst vitni um.

Ég var því alsæl þegar stórar augabrúnir urðu aðalmálið. Mínar eru sko þannig að ef ég sinni þeim ekki reglulega þá verð ég bara eins og pabbinn í American Pie. Myndarmaður og allt það en það er bara ekki lúkk sem ég vil channela.

• • •

**Diskar** Sko, nú hef ég mjög gaman af því að fara út að borða og geri talsvert af því en það sagði mér einhvern tímann einhver að það væri nauðsynlegt að borða til þess að halda lífi og ég hef dáldið reynt að lifa eftir því.

Þegar það gefst ekki tími til að elda mat heima sökum (mis)áríðandi anna er auðvitað æðislegt að fara á veit-

# Ótrúlega dásamlegt að geta deilt saman ástríðunni fyrir tónlist

Tónlistarparið **Margrét Rúnarsdóttir** og **Birkir Rafn Gíslason** njóta þess til fulls að upplifa tónlistarævintýrið saman og eiga von á sínu öðru barni í apríl. Þau eru saman í hljómsveitinni Himbrima sem efnir til útgáfutónleika í kvöld.

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is

Platan hefur gengið gífurlega vel og fengið frábærar viðtökur og góða dóma bæði hérlendis og á vefmiðlun erlendis. Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt ferli og ævintýralegt,“ segir Margrét Rúnarsdóttir, söngkona og annar hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Himbrima.

Hún segir að gaman hafi verið að fylgjast með þróun laganna sem finna má á plötunni. „Elstu lögin eru orðin þriggja ára gömul og það er búið að vera gaman að fylgjast með þróun laganna, hvernig þau urðu til heima í stofu, bara ég og píanóið, og enduðu svo fullburða með hljómsveitinni Himbrima á plötunni.“

Himbrimi gaf út samnefnda plötu í desember síðastliðnum og fagnar útgáfu hennar í kvöld með veglegum tónleikum í Tjarnarbíói. „Við ákváðum að bíða með útgáfutónleikana þangað til eftir allt jólastúss og janúarlægðina,“ bætir Margrét við.

Með henni í hljómsveitinni er meðal annarra gítarleikarinn Birkir Rafn Gíslason en hann er einnig kærasti Margrétar. „Það er ótrúlega dásamlegt að geta deilt saman ástríðu okkar sem er tónlistin og gaman að upplifa allt þetta ævintýri saman. En þetta getur auðvitað verið smá púsluspil þegar maður er orðinn fjölskylda. En við eigum svo marga góða að, yndislegar ömmur og afa sem passa þegar við erum mikið upptekin. En þetta er bara svo mikill partur af okkur og okkar lífi og fyrir mér eru það líka forréttindi að fá að alast upp í tónlistarumhverfi,“ segir Margrét, spurð út í hvernig það sé að vera með kærastanum í hljómsveit.

Þau eiga einmitt von á sínu öðru barni saman. „Það er lítil stúlka ,væntanleg í heiminn 22. apríl, og svo eigum við einn yndislegan 4 ára dreng fyrir,“ segir Margrét alsæl.

Hún kemur úr músíkalskri fjölskyldu en systir hennar er tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir og faðir þeirra er gítarleikarinn Rúnar Þórisson sem var meðal annars í hljómsveitinni Grafík.

Margrét segir sveitina ætla að fylgja plötunni eftir í framhaldinu. „Við ætlum að halda áfram að spila og fylgja plötunni eftir. Það er ýmislegt spennandi í bígerð ennþá. Við verðum vonandi á einhverjum hátíðum í sumar og svo að halda áfram að semja og vinna í nýju efni, veita sköpunarþránni farveg.“

Á tónleikunum í kvöld verður öllu tjaldað til og verða nokkrir aukahljóðfæraleikarar með sveitinni á sviðinu. „Við ætlum að hafa með okkur frábæra tónlistarmenn. Tvo sellóleikara, þau Þórdísi Gerði Jónsdóttur og Hallgrím Jónas Jensson. Einnig verðum við með tvær bakraddir, systur mína Láru Rúnarsdóttur og Gunnhildi Birgisdóttur.“

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.00 í Tjarnarbíói.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Himbrimi** fagnar útgáfu plötu sinnar í kvöld.

**ÞAÐ ER ÓTRÚLEGA DÁSAMLEGT AÐ GETA DEILT SAMAN ÁSTRÍÐU OKKAR SEM ER TÓNLISTIN OG GAMAN AÐ UPPLIFA ALLT ÞETTA ÆVINTÝRI SAMAN.**





ingastað og láta fagaðila, eða framhaldsskólanema í kvöldvinnu, sjá um að kokka ofan í sig og þurfa ekki einu sinni að huga að uppvaskinu.

Það er samt eitt í þessu öllu saman. Eins gaman og mér finnst að borða úti þá finnst mér næstum því jafn leiðinlegt að borða matinn minn úr krukku, af tréplatta, hraunplatta eða einhverju öðru álíka frumlegu.

Kallið mig bara forherta og gamaldags en ég sé bara ekkert að því að borða matinn minn af disk. Mér finnst það meira að segja bara alveg stórgott og er nokkuð viss um að það sé góð og gild ástæða fyrir því að flestir nota fyrrnefndan borðbúnað til neyslu á ýmiss konar matvælum.

**Mánudagsmúsin** Á mánudögum er maður oft algjör mánudagsmús enda geta mánudagar oft verið erfiðustu dagar vikunnar af ýmsum og alls konar ástæðum. Það sem hefur gefist mér einna best í baráttunni við mánudagsbugunina er að skoða myndir af barnungum dýrum.

Þá skelli ég einfaldlega bara baby fyrir framan eitthvert dýraheiti í leitarvélina Google og skoða svo myndir þar til mesta bugunin er liðin úr mér og ég tek að kætast. Virkar alltaf á mig og ég hvet sem flesta til að prófa.

Leitarorð sem ég mæli með í þessu samhengi eru: Baby piglet, baby sloth, baby goat og í persónulegu uppáhaldi er baby tapir.



Sögupersónan Andri þykir tikka í flest box hinnar norrænu erkitýpu, dálítið þunglyndur og félagsfælinn.

# Ófærð líkt við Wallander og Broadchurch í frönskum fjölmiðlum

**» PERSÓNU ÓLAFS DARRA ÓLAFSSONAR, ANDRA, ER LÍKT VIÐ KURT WALLANDER Í FRANSKA DAGBLAÐINU LE MONDE.**

„Atburðarásin er stundum hæg sem getur dregið úr áhuga áhorfenda en á sama tíma leyfir það áhorfendunum að kynnast persónunum vel og njóta söguþráðarins. Spennan er til staðar,“ segir meðal annars á síðum Le Monde, eins stærsta dagblaðs Frakka, um íslensku sjónvarpsþáttaröðina Ófærð. Segir jafnframt að í þáttunum megi koma auga á leifar Íslendingasagnanna, sem oftar en ekki eru innblásnar af þjóðsögum og yfirnáttúrulegu efni, og þykir Frökkunum það býsna áhugavert.

Þá er nokkuð fjallað um aðalsögupersónuna, lögreglumanninn Andra, sem leikinn er af Ólafi Darra Ólafssyni, og þykir persóna hans minna um margt á aðrar norrænar sögupersónur, þar sem þunglyndi, félagsfælni og einangrun spili stóra rullu. Hann sé þannig nokkurs konar erkitýpa hins norræna lögreglumanns, og er líkt við Kurt Wallander, í Wallander-þáttunum sem notið hafa gífurlegra vinsælda um heim allan.

Voru fyrstu fjórir þættirnir sýndir á franska ríkissjónvarpinu, France 2, á besta tíma á mánudagskvöldið og bárust fregnir þess efnis að alls fimm milljónir Frakka hefðu setið við skjáinn á meðan. Þykir það tíðindum sæta, sér í lagi í ljósi þess að sama kvöld voru tvær nýjar franskar þáttaraðir frumsýndar, og áttu innanbúðarmenn hjá France 2 ekki von á að hin íslenska Ófærð myndi enda í öðru sæti á áhorfslista með átján prósenta hlutdeild. Er töluvert um það rætt í frönskum fjölmiðlum að þar hafi sjónvarpsstöðin sýnt nokkurt hugrekki, og í þetta skiptið hafi það gengið upp.

Franska dagblaðið Le Parisien birti dóm strax daginn eftir sýninguna, þar sem gefnar voru alls fjórar stjörnur af fimm mögulegum, og þáttunum líkt við bresku þættina Broadchurch að gæðum. **– ga**





# AÐALFUNDUR NÝHERJA HF.

**Föstudaginn 4. mars 2016 kl. 16.00**
**í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37**

## Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.
3. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu.
5. Tillaga um samþykkt heimildar stjórnar til þess að gefa út nýtt hlutafé vegna kaupréttaráætlunar.
   Stjórn Nýherja hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórninni verði veitt heimild til að gefa út nýtt hlutafé, allt að kr. 60.000.000 að nafnverði, til að uppfylla skyldur sem félagið kann að takast á hendur með gerð kaupréttarsamninga við starfsmenn félagsins og dótturfélaga. Kaupréttarsamningar munu byggja á kaupréttaráætlun sem gerð hefur verið á grundvelli 10. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. fyrirliggjandi drög að kaupréttaráætlun, sem eru aðgengileg á heimasíðu og skrifstofu félagsins og teljast hluti tillögu þessarar.
6. Tillögur stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins, og aðrar breytingartillögur, ef einhverjar verða.
   Auk framangreindrar breytingartillögu á samþykktum um heimild stjórnar til hækkunar á hlutafé, leggur stjórn til við aðalfund að tölulið 8 í grein 4.13 samþykktanna verði breytt þannig að vísað sé til greinar 4.16 í stað greinar 4.20.
7. Kosning stjórnar félagsins sbr. grein 5.1 í samþykktum félagsins.
8. Kosning endurskoðanda sbr. grein 10.1 í samþykktum félagsins.
9. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá samkvæmt grein 4.16 sbr. 4. mgr. 88. gr. hlutafélagalaga.
10. Tillaga um heimild félagsins til kaupa á eigin hlutum sbr. 55. gr. hlutafélagalaga.
11. Önnur mál.

**Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning**

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með nægilegum fyrirvara til að unnt sé að taka mál til meðferðar á fundinum. Þannig skulu óskir hluthafa hafa borist til stjórnar félagsins eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 þriðjudaginn 23. febrúar 2016. Nánari upplýsingar um þátttöku og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasíðu félagsins.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar. Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð eða greitt atkvæði skriflega. Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

## Aðrar upplýsingar

Dagskrá svo og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og allar tillögur, verða hluthöfum tiltæk á heimasíðu félagsins og munu jafnframt liggja frammi á skrifstofu félagsins. Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Tilkynnt verður um framboð til stjórnar á heimasíðu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn er að finna á heimasíðu félagsins, www.nyherji.is.

Reykjavík, 12. febrúar 2016,
stjórn Nýherja hf.

Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn
er að finna á www.nyherji.is.

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS

NÝHERJI

## Línakur 1C
íbúð 206







Bókaðu skoðun
**Atli S. Sigvarðsson**
aðstm. fasteignasala
sími: 899 1178
atli@miklaborg.is


Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Falleg 161 m² endaíbúð á annarri hæð
Einstakt útsýni, góð staðsetning
Rúmgóðar stofur með útgengi á svalir
Glæsilegt sérhannað eldhús
Fjögur góð svefnherbergi
Tvö baðherbergi

Verð: **59,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



## Ásakór 5



Falleg fimm herbergja íbúð með útsýni og stæði í bílgeymslu
Tilvalin fyrir fjölskyldufólk eða þá sem þurfa að minnka við sig
Gert ráð fyrir 4 svefnherbergjum en eitt þeirra hefur verið sameinað og í dag nýtt sem sjónvarpsstofa
Góð staðsetning


Nánari upplýsingar veitir
**Jón Rafn Valdimarsson**
löggiltur fasteignasali
sími: 695 5520
jon@miklaborg.is

Verð: **41,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



# Matreiðslumaður, matreiðslunemi og framreiðslunemi

Veitingahús Perlunnar leitar að hæfileikaríkum matreiðslumanni, og framreiðslu- og matreiðslunemum.

**Sendið umsóknir til perlan@perlan.is.**




**Snæfríður Ingvarsdóttir í hlutverki sínu í kvikmyndinni Alma.** MYND/MÁNI HRAFNSSON

# Einhvers staðar er Alma mjög nálægt mér

Tökur standa yfir á Kvikmyndinni Alma í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. **Snæfríður Ingvarsdóttir** fer með aðalhlutverk myndarinnar ásamt hinni heimskunnu frönsku leikkonu Emmanuelle Riva.

Þetta er einstakt tækifæri fyrir mig, að leika svona stórt hlutverk, ég er við tökur núna og þetta er mikill þrældómur enda er ég í hverri einustu senu í myndinni, en þetta er dýrmæt reynsla. Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri og Guðrún Edda Þórhannesdóttir framleiðandi kölluðu á mig í prufu. Ég vissi lítið um verkið þegar ég mætti, en um leið og ég fékk að kynnast persónunni Ölmu skildi ég hana djúpum skilningi. Þó ég hafi ekki lent í svona miklum hremmingum eins og hún, þá náði hún strax til mín,“ segir Snæfríður um hlutverk sitt í myndinni.

„Skapandi sýn Kristínar heillaði mig frá upphafi. Hún er einstök listakona og jafnframt mikil fyrirmynd,“ segir Snæfríður sem er sem stendur í tökum á kvikmyndinni Alma.

Kvikmyndin er örlagagasaga ungrar konu sem er lokuð inni á réttargeðdeild eftir að hafa játað á sig morð á kærasta sínum án þess þó að muna eftir þeim atburði. Eftir sjö ár berast þær fréttir að kærastinn lifi. Ákveður Alma þá að fremja glæpinn sem hún hefur setið inni fyrir og leggur á ráðin um að drepa fyrrverandi unnusta sinn.

„Alma lendir mjög ung í áfalli, sem verður til þess að hún talar ekki frá þriggja ára aldri, hún er frekar lokuð persóna en mjög ákveðin og mikil baráttukona. Hún er brothætt fyrir og þess vegna er hún tilvalið fórnarlamb.



**Kristbjörg Kjeld, Emmanuelle Riva, Kristín Jóhannesdóttir og Snæfríður Ingvarsdóttir á tökustað.** MYND/MÁNI HRAFNSSON

**ALMA LENDIR MJÖG UNG Í ÁFALLI, SEM VERÐUR TIL ÞESS AÐ HÚN TALAR EKKI FRÁ ÞRIGGJA ÁRA ALDRI, HÚN ER FREKAR LOKUÐ PERSÓNA EN MJÖG ÁKVEÐIN OG MIKIL BARÁTTUKONA.**

Hún tekur á sig ábyrgð annarra vegna veikrar sjálfsmyndar. Í kvikmyndinni ferðumst við í gegnum hugarheim Ölmu þar sem hún fer í hefndarför í leit að nýju sjálfi. Hún er í raun að endurfæðast í kvikmyndinni í leit að jörð til að standa á.“

Ásamt Snæfríði eru þau Kristbjörg Kjeld, Hilmir Snær Guðnason, Snorri Engilbertsson og hin heimskunna franska leikkona Emmanuelle Riva í aðalhlutverkum, en sú síðastnefnda sló í gegn í hlutverki sínu í kvikmyndinni Amour sem Michael Haneke leikstýrði. Myndin var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna árið 2013, meðal annars sem besta mynd ársins og Riva sem leikkona ársins í aðalhlutverki, en myndin var verðlaunuð sem besta erlenda mynd ársins. **gudrunjona@frettabladid.is**

## Emmanuelle Riva

Emmanuelle Riva er ein þekktasta leikkona Frakka en hún öðlaðist heimsfrægð fyrir leik sinn í kvikmyndinni Hiroshima mon amour eftir Alan Resnais sem út kom 1960.

Eftir það hefur hún leikið fjöldann allan af hlutverkum en hún var meðal annars tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni Amour árið 2013. Sama ár hlaut hún BAFTA-verðlaunin fyrir leik sinn í aðalhlutverkinu í Amour.



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**VERSLUNIN FLYTUR – ALLT Á AÐ SELJAST**

# LAGERHREINSUN

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**ÖLL SÝNINGAREINTÖK Á FRÁBÆRUM VERÐUM**

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM Á NÝJUM STAÐ.

VIÐ ERUM Í HLÍÐASMÁRA 1

**Opið:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-16**

**Heilsurúm, heilsudýnur, sófaborð, hliðarborð, náttborð, hvíldarstólar, hvíldarsófar, tungusófar, stakir sófar og stólar, dúnsængur, vatnskoddar, skammel (opnanleg með geymslu), kollar, heilsukoddar, rúmgaflar og margt fleira.**

Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Snærósar Sindradóttur




## Fokk ofbeldi

Mitt daglega líf snýst um jafnvægi. Ég reyni að öskra ekki á þá sem svína fyrir mig í umferðinni og ég tuða ekki í fólkinu sem kann ekki að fara greiðlega í gegnum matvöruverslun á háannatíma. Ég axla ekki foreldra barna sem hafa unnið KR í körfubolta og ég beiti ekki hamrinum á höfuð nágrannans þegar hann heldur áfram við að smíða örkina sína á neðri hæðinni. Þetta er mér tiltölulega auðvelt verkefni af því að í grunninn hef ég engan áhuga á að vera vond við annað fólk.

En þriðjungur kvenna verður fyrir ofbeldi samkvæmt upplýsingum frá UN Women. Átakið Fokk ofbeldi er til þess gert að styðja við konur á flótta en rannsóknir sýna að þær lifa í stöðugum ótta við ofbeldi. Konurnar hafa flúið ofbeldið sem felst í stríðsrekstri heima hjá sér og á leið sinni til betra lífs forðast þær óupplýst salerni og kemur ekki dúr á auga í ókynjaskiptum svefnskálum. Margar þeirra deyja á leiðinni eða lenda í klónum á mansalshringjum. Mönnum sem eru vondir við þær fyrir peninga.

Og á hverjum degi tekur fólk, nærri einvörðungu karlar, ákvörðun um að vera vont við þessar konur. Við þær hræðilegu kringumstæður sem ríkja á flótta taka ofbeldismenn sig saman um að auka á vanlíðan og þjáningar annarra. Á meðan við hin reynum að gera líf hvert annars bærilegra fara þeir um og ógna jafnvæginu sem fylgir friði og ró. Allir ofbeldismenn mega fokka sér. Það er nefnilega til sammannlegur samtakamáttur sem snýst um að gera heiminn að betri stað fyrir alla. Sá samtakamáttur heitir umhyggja og ást og við eigum að nota eins mikið af honum og við getum. Við byrjum með því að sýna þolinmæði við kassann í Bónus og stígum svo næstu skref í átt að ofbeldislausum heimi.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Endalaust 365
NET
1.000 KR.*
ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is
1817 | 365.is




DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEGT RÚM
Tvær Serta Therapist heilsudýnur.
90 x200 cm. Verð frá:
499.900 kr.



*Aukahlutur á mynd: höfuðgafl.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

Serta



*Aukahlutur á mynd: höfuðgafl.

STÆRSTI DÝNUFRAMLEIÐANDI HEIMS

Í Royalty dýnunum frá Serta eru aðeins bestu fáanlegu hráefnin, s.s. bómull, kasmírull, og silki. Tvöfalt pokagormakerfi sem tryggir hámarks stuðning við neðrabak og minni þrýsting á axla- og mjaðmasvæði. Betra Bak býður upp á 6 gerðir Serta heilsudýna sem hver um sig hefur mismunandi eiginleika til að mæta fjölbreyttum þörfum fólks.

VERÐDÆMI SERTA ROYALITY
heilsurúm, 180 x 200 cm.
348.300 kr.
Dýna, Comfortbotn og lappir.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is

Betra BAK